

# Hátekju- og eignaskattur dugar skammt

Upptaka hátekju- og auðlegðarskatta gæti skilað 5 til 13 milljörðum. Forstöðumaður hjá SA segir tugmilljarða útgjaldaloforð aðeins fjármögnuð með hækkun skatta á almenning. Hagfræðingur segir tekjur ekki auknar með að „færa skattbyrðina til“.

**VIÐSKIPTI** Upptaka hátekju- og auðlegðarskatta myndi einungis fjármagna á bilinu fjögur til átján prósent af þeim sjötíu milljarða króna útgjaldaloförðum sem sumir stjórnmalaflokkar hafa gefið fyrir komandi þingkosningar.

Útreikningar sem byggðir eru á sérvinnslu gagna frá Hagstofu Íslands út frá skattframtölum fyrir árið 2016 leiða í ljós að 48 til 76 prósent hátekjuskattur á þá sem hafa meira en 25 milljónir í árslaun myndi auka skatttekjur ríkissjóðs um 159 milljónir til 2,7 milljarða króna á ársgrundvelli. Þá myndi auðlegðarskattur sem lagður yrði á hreina eign að virði yfir 150 milljónir skila frá 5,1 milljarði upp í 10,2 milljarða króna aukalega til ríkissjóðs á ári, eftir því við hvaða skatt hlutfall er miðað.

Til samanburðar hafa Vinstri grænir og Samfylkingin lagt til að auka ríkisútgjöld árlega um 50 til 75 milljarða. Ekki standi hins vegar til að sækja þá fjármuni með því að hækka skatta á almenning. Þá hefur Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, sagst ekki vilja hækka virðisaukaskatt á ferðaþjónustu úr 11 í 24 prósent en sú ráðstöfun myndi skila um 18 milljörðum í auknar tekjur til ríkissjóðs.

„Tuga milljarða kosningaloforð verða ekki eingöngu fjármögnuð með hátekju- og auðlegðarskatti. Þessir útreikningar sýna að miðað við tekju- og eignadreifingu landsmanna er einungis hægt að fjármagna brotabrot af þeim loforðum með slíki skattheimtu,“ segir Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins.

Það væri alveg hægt að auka útgjöldin ef það liggur skýrt fyrir hvernig eigi að fjármagna útgjalda-hækkanirnar.

Katrín Ólafsdóttir, lektor við Háskólann í Reykjavík



**2,7** milljörðum myndi 76 prósent hátekjuskattur á þá sem eru með yfir 25 milljónir í árslaun skila í auknar tekjur ríkissjóðs.

Katrín Ólafsdóttir, lektor við Háskólann í Reykjavík og nefndarmaður í peningastefnunefnd Seðlabankans, bendir á mikilvægi þess að ríkið stigi varlega til jarðar og ýti ekki undir þenslu. „Það væri alveg hægt að auka útgjöldin ef það liggur skýrt fyrir hvernig eigi að fjármagna útgjalda-hækkanirnar,“ útskýrir Katrín.

Ari Skúlason, hagfræðingur við hagfræðideild Landsbankans, segist eiga erfitt með að skilja tal um að auka tekjur ríkisins með því að „færa skattbyrðina til“ og hækka ekki skatta. „Ef ætlunin er að auka ríkistekjur hljóta skattarnir að hækka, en svo er bara spurningin hvar hækkanirnar lenda.“

– hae, kij / sjá Markaðinn

## Vill virkja vinda við Búðardal

**ORKUMÁL** Eigendur Storm Orku vilja reisa allt að 40 vindmyllur á Hródnýjarstöðum, skammt frá Búðardal, sem þeir keyptu í ágúst. Fyrir liggur viljayfirlýsing þeirra og Dalabyggðar um málið. Þeir boða til íbúafundar í nóvember.

„Þeir virðast hafa þá trú á þessu að þeir keyptu jörðina,“ segir Sveinn Pálsson, sveitarstjóri Dalabyggðar. Storm Orka er í eigu Magnúsar B. Jóhannessonar, framkvæmdastjóra hjá bandaríska fyrirtækinu America Renewables. Magnús vill ekki tjá sig um áformin. Félagið hét þangað til í mars MJDB ehf. Fréttablaðið hefur sagt frá tilraunum félagsins til að kaupa Hellisheiðarvirkjun. – hg / sjá síðu 6

## Myndi ógna afkomu hótela

**VIÐSKIPTI** Ef gististaðir á landsbyggðinni þyrftu að taka á sig alla hækkan virðisaukaskatts úr 11 í 22,5 prósent, eins og ríkisstjórnin lagði til í fjármálaáætlun sinni, myndi það leiða til mikils taprekstrar. Afkoma hótela á höfuðborgarsvæðinu yrði nálægt núlli. Þetta er á meðal þess sem fram kemur í nýrri úttekt ráðgjafafyrirtækisins KPMG.

Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir úttekt KPMG að mörgu leyti sláandi. – kij / sjá Markaðinn



Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar.



Vel var mætt á kjötsúpufund sem Pepp Ísland, samtök fólks í fátækt, stóðu fyrir í gær í húsakynnum Öryrkjabandalags Íslands. Þar gafst gestum og gangandi kostur á að ræða við frambjóðendur í þingkosningunum um stefnumál þeirra í málefnum þeirra sem minna mega sin. Á meðan gæddi fólk sér á dýrindis kjötsúpu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Tryggjum menntun, skrifar Jón Atli Benediktsson. **13**

**SPORT** Landsliðsmaðurinn Rúnar Káráson færir sig um set til danska félagsins Ribe-Esbjerg. **16**

**MENNING** Elísa Jóhannsdóttir fékk Íslensku barnabókaverðlaunin fyrir að skrifa skemmtilega bók um alvarleg málefni. **35**

**LÍFID** Margar af bestu söngróddum Íslands hafa sungið í kór MH. **40**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK**  
• FJÁR-ÖFLUN

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



511 5008

## Átt þú rétt á slysabótum?

UMFERÐASLYS

VINNUSLYS

FRÍTÍMASLYS

TORT

INNHEIMTA SLYSABÓTA

## Hrekkjavaka!




Finndu okkur á

PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534



## Veður



Með morgninum gengur í suðaustan 10-20 m/s, hvassast SV-lands þar sem Reykjanesbraut, Kjalarnes, Hafnarfjall og fleiri staðir gætu mælt hviður yfir 30 m/s. Rigning með köflum sunnan- og vestanlands.

**SJÁ SIÐU 32**



Í Hnifsdal. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Hádegissteinn gerður óvirkur

**UMHVERFISMÁL** Ofanflóðanefnd hefur samþykkt beiðni Ísafjarðarbæjar um aðstoð við að eyða hættu sem talin er stafa af svokölluðum Hádegissteini sem er fleiri tonn og stendur tæpt í Bakkahyrnu ofan Hnifsdals og ógnar þar með byggð.

„Óskað er eftir fjárstuðningi og sérfræðiaðstoð við að meta og eyða hættunni af steininum eins fljótt og auðið er,“ segir Ofanflóðanefnd í bréfi til bæjarins. Framkvæmda-sýsla ríkisins á að annast málið. – gar

## Telur sátt um auðlindaákvæði

**SJÁVARÚTVEGUR** Samhljómur er á milli stjórnmálaflokkanna um útfærslu á auðlindaákvæði í stjórnarskránni. Þetta sagði Bjarni Benediktsson forsætisráðherra á sjávarútvegsdeginum í Hörpu í gær. Hann sagði að slíkt ákvæði þyrfti að taka tillit til auðlinda almennt.

„Einhver ágreiningur kann að vera til staðar um nákvæmt orðalag en mér sýnist vera hægt að brúa það og ég vil halda því fram að ástæðan fyrir því að slíkt ákvæði er ekki komið í stjórnarskrá sé ágreiningur um önnur ákvæði en það,“ sagði Bjarni. – jhh



Bjarni Benediktsson

## Að kjósa sjálfan sig í tónlistarveislu



Margt vinsælasta tónlistarfólk landsins heldur uppi stuði á Vökunni í Valsheimilínu kosningadaginn 28. október. Hitað var upp fyrir fjörið í samkvæmi í gær. Fritt er á tónleikana en aðgöngumiðinn felst í því að taka mynd af sér fyrir framan skilti Vökunnar á kjörstað. Markmiðið er að auka kjörsókn ungs fólks. Meðal þeirra sem koma fram eru Páll Óskar, Sturla Atlas, Reykjavíkurdætur, Aron Can og FM Belfast. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## VG tvöfaldar sig á Suðurlandi

**STJÓRN MÁL** Sjálfstæðisflokkurinn nýtur mests fylgis meðal kjósenda í Suðurlandskjördæmi þótt hann tapi 5 prósentustigum ef marka má könnun Fréttastofu 365 og fengi 26,6 prósent atkvæða ef gengið yrði til alþingiskosninga nú. Hins vegar meira en tvöfalda Vinstri græn sitt fylgi frá síðustu kosningum og mælast með 22,2 prósent á móti 10,2 prósentum í kosningunum í fyrra.

Framsóknarflokkurinn mælist með 11,0 prósent, Miðflokkurinn með 10,1 prósent, Samfylking með 8,2 prósent og Piratar með 8,1 prósent. Þessir fjórir flokkar væru inni með einn þingmann hver. Sjálfstæðisflokkur fengi þrjá og VG tvo. Þá mælist Flokkur fólksins með 5,5 prósent, Viðreisn með 3,0 prósent og Björt framtíð með 2,2 prósent. Aðrir eru samtals með 3,2 prósent.

Næsti þingmaður inn miðað við könnunina kæmi frá VG. – gar

# Sjanghæ á Akureyri á valista vegna vanskila

Fyrirtækið Life Iceland ehf., sem rekur veitingastaðinn Sjanghæ á Akureyri, er á valista Ríkisskattstjóra. Fyrirtæki á valista hafa ekki skilað virðisaukaskatti eða staðið skil á virðisaukaskattskýrslum. Ekkert stórmál segir lögmaður Sjanghæ.

**VIÐSKIPTI** Fyrirtækið Life Iceland ehf. sem á og rekur veitingastaðinn Sjanghæ á Akureyri var skráð á valista Ríkisskattstjóra þann 31. ágúst síðastliðinn. Fyrirtækið komst í fréttir fyrir skömmu þegar Ríkisútarvið birti fréttir af meintu mansali á staðnum.

Ríkisskattstjóra er heimilt að fella virðisaukaskattskyldan aðila af virðisaukaskattskrá hafi fyrirtækið ekki staðið skil á virðisauka tvö uppgjörstímabil í röð. Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri segir fyrirtæki þurfa að gera grein fyrir sínum málum.

„Hafi fyrirtæki sætt áætlun virðisaukaskatts í tvö uppgjörstímabil eða lengur er ríkisskattstjóra heimilt að fella það af virðisaukaskattskrá. Ekki er hægt að skrá sig aftur nema fyrst sé gerð grein fyrir virðisaukaskattskýrslum og greiddur virðisaukaskattur til ríkissjóðs.“

Sjanghæ er í eigu Rositu Yufan Zhang sem hefur búið og starfað hér á landi í langan tíma. Jóhannes Már Sigurðarson, lögmaður fyrirtækisins, segir þetta ekki stórmál.

„Það geta verið nokkrar ástæður fyrir þessu,“ segir Jóhannes Már. „Það stóð til að opna veitingastað í Hafnarfirði og hún hafði unnið að opnun þess staðar. Svo urðu vanskil á leigu hjá henni og það fór í smá uppnám. Kannski gæti það verið út af því. Það hefur verið fjárhagsvandi í kringum þetta allt saman og því gæti það hafa haft áhrif.“

Mikil umfjöllun hefur verið um Sjanghæ síðustu vikur. Fréttir voru um að grunur væri um vinnumannsal á staðnum þar sem starfsmenn hafi verið hlunnfarnir um laun. Eftir



Miðað við valista ríkisskattstjóra er Sjanghæ í vanda. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

Það stóð til að opna veitingastað í Hafnarfirði og hún hafði unnið að opnun þess staðar. Svo urðu vanskil á leigu hjá henni og það fór í smá uppnám.

Jóhannes Már Sigurðarson, lögmaður Sjanghæ



skoðun Einingar Iðju á gögnum staðarins hafi komið í ljós að laun hafi verið greidd samkvæmt kjarsamningum.

Síðan hafi ákvörðun verið tekin af eiganda staðarins um að stefna beri fréttaönnnum Ríkisútarvpsins vegna umfjöllunar sem skaðað hafði fyrirtækið. Fréttatvöngur af meintu mansali hafi hins vegar birst eftir að fyrirtækið lenti á valista ríkisskattstjóra.

Einnig segir Jóhannes líklegt að breytingar á atvinnuflokkum geti haft einhver áhrif hvað þetta varðar. Skipt var um endurskoðendur og bókarar fyrir skömmu og var verið að færa atvinnuflokk fyrirtækisins. Það gæti verið ástæða þess að fyrirtækið sé nú á valista. [sveinn@frettabladid.is](mailto:sveinn@frettabladid.is)

# 15%

afsláttur af 210 stk. Nicorette nikótínlyfjatyggiðummi

- Allar bragðtegundir 2 mg og 4 mg

Fruitmint - Classic - Whitemint - Freshmint



Gildir til 12. nóvember 2017

**Apótekarinn+**  
- lægra verð

[www.apotekarinn.is](http://www.apotekarinn.is)



18. október  
Alþjóðadagur  
breytingaskeiðs kvenna



Femarelle®


# Öruggur kostur fyrir konur



Femarelle®  
Rejuvenate

#### Femarelle Rejuvenate 40+

- Minnkar skapsveiflur
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur teygjanleika húðar
- Viðheldur heilbrigðu hári



Femarelle®  
Recharge

#### Femarelle Recharge 50+

- Slær hratt á einkennin (hitakóf og nætursviti minnkar)
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur kynhvöt
- Hefur engin áhrif á vefi í brjóstum eða legi



Femarelle®  
Unstoppable

#### Femarelle Unstoppable 60+

- Inniheldur kalsíum og D3 -vítamín sem eru nauðsynleg til að styrkja bein
- Stuðlar að heilbrigðri slímhúð legganga
- Eykur liðleika
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku sem stuðlar að andlegu jafnvægi



**Prófessor Andrea Genazzani**  
forseti Evrópuráðs í kvensjúkdómafræðum mælir með Femarelle sem fyrstu meðferð við einkennum kvenna á breytingaraldri.

**Elskaðu.  
Lifðu.  
Fagnaðu.**

Femarelle®



# Veittu harða ádrepu fyrir slæma umgengni en leyfðu þó rallkeppni

**UMHVERFISMÁL** „Gremja okkar er fölginn í því að vera að leggja peninga í að hefja veginn um leið og snjóá leysir og síðan er keppt á þessu í rally og peningurinn fýkur út um gluggann,“ segir Sigurgeir Guðmundsson, formaður hálendisnefndar Rangárþings ytra.

Rallykeppni fór fram í sveitarfélaginu 24. ágúst síðastliðinn.


„Það stórsér á sumum vegarköflum, sem rekja má til skriðs og hraðaksturs rallybíllanna. Á tveimur

stöðum sást að bílar höfðu farið út af og var ekki séð að gengið hefði verið frá umhverfinu í sama horf og var fyrir keppni. Á einum stað voru steinar málaðir í appelsínugulum lit til merkingar á leiðum og er það mjög ámælisvert,“ segir í bókun hálendisnefndarinnar sem eyddi heilum degi í að skoða svæðið viku eftir að keppnin fór fram.

Fyrir fundi hálendisnefndarinnar lá að gefa umsögn um ósk um að haldið yrði svokallað Iceland All

Terrain Rally 2017 um miðjan september. Mælti nefndin með að leyfið yrði gefið með ákveðnum skilmálum. Taka ætti gjald af keppnishaldara til að borg lagfæringar. Hins vegar var hætt við umrædda keppni.

„Algerlega skal komið í veg fyrir utanvegaakstur með merkingum sem auðvelt verði að fjarlægja að keppni lokinni. Allt rask skal afmáð og gengið frá svæðum í upprunamynd,“ segir meðal annars um skilyrði hálendisnefndarinnar. –gar



Rallkappar virtust ekki alltaf hitta á vegina í ágúst. MYND/MAGNÚS H. JÓHANSSON

# Ritstjóri segir Bjarna að líta í eigin barm

Forsætisráðherra svarar spurningum um fréttir Stundarinnar sem hann hefur ekki viljað svara Stundinni um. Bjarni Benediktsson segir öll sín viðskipti við Glitni standast skoðun. Jón Trausti Reynisson, ritstjóri Stundarinnar, segir ráðherrann slíta fréttir úr samhengi,

**VIÐSKIPTI** „Allt í viðskiptum mínum við Glitni stenst skoðun,“ segir Bjarni Benediktsson forsætisráðherra, um fréttáflutning Stundarinnar sem stöðvaður var með lögbanni.

„Þetta er allt saman slitið úr samhengi og látið að því liggja að ég hafi losnað undan skuldum sem ég hefði átt að greiða og því er sleppt að eignir fylgdu skuldunum,“ segir Bjarni um kúlulán frá Glitni sem fært var yfir á skuldsett eignarhaldsfélag föður hans skömmu fyrir hrún.

Bjarni segir að um hlutabréf í N1 hafi verið að ræða og staðfestir að bæði lánið og hlutabréfin hafi flust til Hafsilfur. Í fréttum Stundarinnar er því haldið fram að Hafsilfur hafi verið undir stjórn Bjarna.

„Þeir segja að ég hafi átt félagið. Það er rangt,“ segir Bjarni. Félagið sé í eigu föður hans.

Bjarni vildi hvorki staðfesta né neita því að kúlulánið hafi aldrei verið endurgreitt til Glitni.

„Ég ætla ekki að tala fyrir Hafsilfur. Ég er bara að benda á að það er ekki þannig að ég hafi fært skuld yfir í eitthvert annað félag sem ég átti sem hafi svo ekki borgað skuldina. Þetta er bara rugl,“ segir Bjarni og bætir við: „Það eina sem ég get sagt um þetta er að ég veit ekki annað en þetta hafi allt verið skoðað og allt staðist skoðun.“

Í annarri frétt Stundarinnar er farið yfir fjármögnun yfirtökunnar á Olíufélaginu og hún sögð nær alfarið fjármögnuð af Glitni.

„Það er rangt,“ segir Bjarni og fullyrðir að margir milljarðar hafi komið í félagið frá hluthöfum.

„Ég er ekki með þessi gögn við höndina núna,“ segir Bjarni þegar hann er inntur eftir því hvernig sannreyna megi þetta og hrekja fréttáflutning Stundarinnar að þessu leyti. Hann bendir þó á að N1 var með skráð hlutabréf og þurfti að birta alla reikninga sína.



Bjarni Benediktsson forsætisráðherra segir ekkert athugavert við viðskipti sín við Glitni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Lögbann í andstöðu við rannsóknarskýrsluna

„Um leið og þú getur fullyrt að efni eigi erindi til almennings, ertu búin að svara þeirri spurningu í hverju tilviki fyrir sig,“ segir Sigríður Rut Júlíusdóttir, lögmaður Stundarinnar, aðspurð um hvenær friðhelgi einkalífs þurfi að lúta í lægra haldi fyrir tjáningarfrelsinu. Augljóst sé að umfjöllun Stundarinnar, sem sætir nú lögbanni Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, eigi brýnt erindi til almennings og bendir á að í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um orsakir og aðdraganda að falli íslensku bankanna sé því lýst í niðurbindingum hvernig samkrull stjórn mála og viðskipta eigi brýnt erindi við almenning.

Þrátt fyrir að flestir lögmenn virðist á einu máli um að lögbannið standist hvorki lög né stjórnarskrá, er hæpið að skorið verði úr um það fyrr en eftir kosningar. Glitnir HoldCo hefur frest fram á næsta mánudag til að höfða mál til staðfestingar en þá verða fimm dagar til kosninga.

## Frysting ástands

„Eðli málsins samkvæmt þarf að taka skjóta ákvörðun í slíkum málum og úrræðið gerir aðeins að takmörkuðu leyti ráð fyrir að farið sé djúpt í efnisatriði máls,“ segir í yfirlýsingu Þórólfs Halldórssonar, sýslumanns í Reykjavík, vegna lögbannsins.

Þórólfur kveður ákvörðun um lögbannið hafa verið tekna af lögfræðingum á fullnustusviði embættisins. „Sýslumaður ber fullt traust til þeirra,“ segir hann.

Í Stundinni kemur fram að ómögulegt hafi reynt að ná í Bjarna til að bera undir hann það efni sem var í vinnslu hjá blaðinu.

„Ég hef ekki góða reynslu af því að koma athugasemdum á framfæri við þá blaðamenn sem þarna eiga í hlut. Ég hef hins vegar verið viljugur til að tjá mig opinberlega um þær fréttir sem þeir hafa verið að flytja af gögnum, setja í rétt samhengi og útskýra í fjölmörgum fjölmiðlum og þegar mér hefur þótt það við hæfi hef ég notað minn eigin miðil,“ segir Bjarni.

„Forsætisráðherra hefur ekki svarað öllum spurningum sem umfjöllun okkar vekur og hann svarar aldrei fyrirspurnum okkar,“ segir Jón Trausti Reynisson, ritstjóri Stundarinnar. Bjarni verði að líta í eigin barm áður en hann saki Stundina um að slíta hluti úr samhengi og hagræða staðreyndum.

„Bjarni lýsti því um daginn að við værum að tímasetja fréttir til að koma höggi á hann og vitnaði í blaðamann á Guardian. Yfirlýsing blaðamannsins reyndist svo ganga þvert gegn orðum hans.“

Jón Trausti vísar einnig til fjölmiðlaumfjöllunar um hvernig forsætisráðherra hafi slitið fréttir Stundarinnar úr samhengi á Facebook-síðu sinni til að gera þær tortryggilegar og ótrúverðugar.

„Þegar ég birti í athugasemd með setningu sem hann hafði klippt út, þá kaus hann að fela hana,“ segir Jón Trausti og bætir við:

„Aldrei hefði okkur dottið í hug að fara að fela útskýringar Bjarna hefði hann gefið þær, þvert á móti höfum við lagt okkur fram um að spyrja hann alltaf en hann svarar okkur almennt ekki. Svo kemur hann fram nú og heldur því fram að hann hafi reynt að svara öllum fyrirspurnum um þessi mál. Það er bara ósatt.“

adalheidur@frettabladid.is

**FLOREALIS**

## Náttúruleg vörn gegn óþægindum á kynfærasvæði

Rosonia og Liljonia frá Florealis byggja á vísindalegum grunni og hafa viðurkennda virkni gegn kláða, sviða og bólgum á ytra kynfærasvæði og í leggöngum.

Rosonia og Liljonia má nota saman ef einkenni eru bæði á ytri og innri kynfærum.

Sjá meira á [florealis.com](http://florealis.com)



### Liljonia

Hylki í leggöng



### Rosonia

Froða fyrir ytri kynfæri





TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

ÁNÆGJA SEM ENDIST  
**COROLLA**  
SÉRSTAKT TILBOÐ  
Í TAKMARKAÐAN TÍMA



Verðlistaverð frá: 3.180.000 kr.

Einnig fylgja 40.000 Vildarpunktar Icelandair með Corolla meðan tilboðið gildir ●●●●●●

**LENGI BÝR AÐ FYRSTU GERÐ**

Corolla býðst nú á sérstöku tilboði, faguð gæðasmíð með 50 ára sigurgöngu í baksýnispeglinum, endurhönnuð til að veita afþreyingu í öruggum og liprum akstri. Corolla er gerð til að láta góðu stundirnar endast en þetta sérstaka tilboð gildir aðeins í takmarkaðan tíma. Jafnframt fylgja fjórfaldir Vildarpunktar með Corolla.

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**



**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000



Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)  
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.  
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



## TIL HAMINGJU, ELÍSA



Alvöru unglingsbók um vináttu, vinslit, foreldravandamál og að standa með sjálfum sér – heitar og flóknar tilfinningar sem allir unglingar kannast við.

Sagan bar sigur úr býtum í samkeppninni um Íslensku barnabókaverðlaunin 2017.

**LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA**

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)  
Opíð alla virka daga 10-18 | laugardaga 11-15

## Ræddi við dýrin



Sebastian Kurz, formaður hins austuriska Flokks fólksins, staldraði við til að glotta framan í tvo hunda á leið sinni af fundi með forseta landsins þar sem sitjandi stjórn baðst lausnar. Flokkur Kurz fékk flest atkvæði í þingkosningum um helgina og er talið líklegt að Kurz, sem er 31 árs, verði forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Vilja vindorkugarð á sauðfjárbú í Dalabyggð

Eigendur Storm Orku vilja reisa allt að 40 vindmyllur á Hródnýjarstöðum skammt frá Búðardal. Þeir undirrituðu í september viljayfirlýsingu ásamt Dalabyggð. Keyptu jörðina í ágúst og ætla að halda íbúafund í næsta mánuði.

**ORKUMÁL** Sveitarfélagið Dalabyggð og eigendur einkahlutafélagsins Storm Orku hafa undirritað viljayfirlýsingu um vindorkugarð með allt að 40 vindmyllum. Eigendur félagsins keyptu í byrjun ágúst jörðina Hródnýjarstaði, skammt frá Búðardal, og stefna að íbúafundi í nóvember þar sem áformin verða kynnt.

„Viljayfirlýsingin var undirrituð í september en hún er almenns eðlis og snýst aðallega um skipulagsmál. Samhliða var ákveðið að halda íbúafund þar sem þetta fyrirtæki myndi kynna sín áform,“ segir Sveinn Pálsson, sveitarstjóri Dalabyggðar.

Storm Orka er í eigu Magnúsar B. Jóhannessonar, framkvæmdastjóra hjá bandaríska fyrirtækinu America Renewables. Magnús og fjölskylda hans eiga Hródnýjarstaði en um er að ræða 26 hektara jörð af ræktuðu landi ásamt fjárstofni, um 1.000 fjár. Samkvæmt þeim upplýsingum sem sveitarfélagið hefur gæti fullkláraður vindorkugarðurinn framleitt allt að 160 megavött af raforku.

„Þeir virðast hafa þá trú á þessu að þeir keyptu jörðina og það var skref sem byrjað var á áður en skrifað var undir þessa viljayfirlýsingu. Þeim er reyndar alveg ljóst að þetta getur farið á hvorn veginn sem er. Á svona frumstigi liggur ekki fyrir mikil af gögnum en engu að síður liggja fyrir upplýsingar um áformað afl og fjölda vindmylla. Viljayfirlýsingin



Eigandi Storm Orku keypti, ásamt fjölskyldu sinni, Hródnýjarstaði í ágúst.

Þeir virðast hafa þá trú á þessu að þeir keyptu jörðina og það var skref sem byrjað var á áður en skrifað var undir þessa viljayfirlýsingu.

Sveinn Pálsson, sveitarstjóri Dalabyggðar

snýr að því að við ætlum að vinna skipulagsvinnuna með eðlilegum hætti og tíma. Öll gögn varðandi umhverfismat og fleira því um líkt

kemur á síðari stigum,“ segir Sveinn. Magnús vildi ekki tjá sig um áform Storm Orku þegar blaðamaður náði tali af honum í gær. Félagið hét þangað til í mars síðastliðnum MJDB ehf. Fréttablaðið greindi í ársbyrjun frá tilraunum þess til að kaupa Helligheidarvirkjun af Orkuveitu Reykjavíkur. Reykjavíkurborg, Akraneskaupstaður og Borgarbyggð fengu þá einnig tilboð í eignarhluti sína í virkjuninni. Magnús vildi þá ekki tjá sig um tilboðið, sem var síðar hafnað, eða þá hvort aðrir innlendir eða erlendir fjárfestar hefðu komið að því. [haraldur@frettabladid.is](mailto:haraldur@frettabladid.is)



PERFORMANCE



Sheer  
Driving Pleasure



# BMW X5 PLUG-IN HYBRID. ALLTAF MEÐ FJÓRHJÓLA- DRIFIÐ TENGT.

**BMW X5 xDrive40e / VERÐ: 9.650.000 KR.**

Nýi BMW X5 xDrive40e PLUG-IN HYBRID tengirafbíllinn sameinar nýjustu rafbílatækni og það besta sem völ er á í hefðbundinni vélartækni. Rafmótorinn er innbyggður í 8 þrepa sjálfskiptinguna sem tryggir fullkomna virkni xDrive fjórhjóladrifsins hvort sem bíllinn er í rafstillingu eingöngu eða knúinn bensínvél. Nýr BMW X5 xDrive40e skipar sér í hóp sparneytnustu jeppa í sama stærðarflokki með eldsneytisnotkun upp á einungis 3,3 l/100 km\* í blönduðum akstri. Samanlagt skila rafmótorinn og bensínvélin 313 hestöflum.

\*Mikilvæg upplýsingar viðmáttararóur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.  
ENNEEM / SIA / NMB4575

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is









## Alþingiskosningar 2017

### Fylgi flokka



### Skipting þingsæta

■ Könnun 16. október 2017  
■ Kosningar 2016



# Stöðugleikinn í fylginu vekur mikla eftirtekt

Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið með sama fylgið í heilan mánuð. VG með örugga forystu um nokkurra vikna skeið. Miðflokkurinn breytir myndinni á kostnað Framsóknarflokks og Flokks fólksins segir prófessor í stjórnmálafræði.

Jón Hákon Halldórsson  
jonhakon@365.is



**STJÓRN MÁL** Stöðugleiki í könnunum Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísir vekur mikla athygli, segir Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.

Í síðustu þremur könnunum blaðsins hafa Vinstri græn verið með á bilinu 27 til 30 prósent fylgi. Munurinn á milli kannana er innan vikmarka, sem eru þrjú prósent. Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið með fylgi á bilinu 22-23 prósent allt frá könnun sem gerð var 18. september síðastliðinn.

„Það virðist vera erfiðara fyrir Sjálfstæðisflokkinn að rífa sig upp núna á síðustu metrunum heldur en var fyrir síðustu kosningar. Sjálfstæðisflokknum gekk mjög vel á síðustu dögum kosningabaráttunnar síðast,“ segir Baldur.

Til útskýringar má benda á að í könnun sem Fréttablaðið birti 12. október í fyrra var flokkurinn með tæplega 23 prósent fylgi. Í könnun sem blaðið birti 19. október var flokkurinn kominn upp í tæp 24 prósent. Tæpum tíu dögum síðar, eða í könnun sem birt var 28. október, var fylgið svo komið upp í rúm 27 prósent. Þegar kosið var daginn eftir fékk flokkurinn svo 29 prósent

Það virðist vera tregða hjá forystumönnum margra flokka að vinna með Pirötum. Þeir virðast ekki treysta þeim.



Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði

atkvæða upp úr kjörkössunum.

Baldur telur að fylgi flokkanna geti mögulega verið sest upp að einhverju marki. „Stóra breytingin er hins vegar sú að Miðflokkurinn er að koma mjög sterkur inn og það virðist vera á kostnað Flokks fólksins og Framsóknarflokksins,“ segir Baldur. Ljóst sé að ef fylgið verði líkt því sem könnun Fréttablaðsins sýnir verði erfitt að mynda ríkisstjórn.

„Sú ríkisstjórn sem helst er í spilunum, ef að þeir flokkar ná meirihluta, er ríkisstjórn VG, Samfylkingarinnar og Framsóknarflokksins,“ segir Baldur. Hins vegar vantar flokkana nokkuð fylgi til þess að það verði að veruleika. Baldur telur að margir flokkar sem nái mönnum inn á þing geti átt erfitt með að vinna með Miðflokknum og hið sama eigi við um Flokk fólksins.

„Piratar geta vel komið inn í myndina, sérstaklega ef þessir þrjú flokkar sem ég nefndi áðan ná ekki meirihluta en það virðist vera tregða hjá forystumönnum margra flokka að vinna með Pirötum. Þeir virðast ekki treysta þeim og óttast að þegar á reyni muni Piratar ekki standast þá áraun sem geti verið að taka erfiðar ákvarðanir í ríkisstjórn.“

Baldur telur að eftir því sem erfiðara verði fyrir VG að mynda mið-vinstristjórn aukist líkurnar á samstarfi stóru flokkanna tveggja, VG og Sjálfstæðisflokksins.



### Audi A3 Limo Attraction

TFSI

2016

Ekinn

7.000

4.750.000 KR

17"álfelgur, sóllúga, aðgerðastýri, leður/alcantara innrétting, rafdrifin framsæti, hiti í framsætum, Bluetooth búnaður, loftkæling o.fl.

Raf / Bensín



Ekinn þús. km.

30

Myndir á vef



Disil



Fjór hjóladrif

4x4

Metan & bensín



Sjálfskiptur



Beinskiptur



Rafmagnsbíll



Góðir, notaðir með reynslu

Fleiri bílar og myndir á netinu: hnb.is



### Skoda Superb 4x4

Ambiente 2.0 TDI

2015 3.990.000 KR

41



A



4x4



### VW Passat Variant

Highline 1.4 ECOFUEL

2011 2.240.000 KR

TILBOÐ 1.870.000 KR

83



A



ECO



### VW Passat Variant

4Motion Highline 2.0 TDI

2015 4.980.000 KR

32



A



4x4



### VW Tiguan

Track&Style 2.0 TDI

2013 2.990.000 KR

96



A



4x4



### Skoda Yeti

Outdoor 4x4 2.0 TDI

2015 3.490.000 KR

65



A



4x4



### Skoda Rapid Spaceback

Ambition 1.2 TSI

2014 1.850.000 KR

TILBOÐ 1.580.000 KR

55



H

**HEKLA** NOTAÐIR BÍLAR

Klettháls 13 · hnb.is · 590 5040



Hraðþjónusta HEKLU.  
Hringdu í 590 50 30 eða renndu við.  
Hekla.is



Smærri viðgerðir





## VÍGSLUHÁTÍÐ

21. OKTÓBER 2017

# NÝ UPPSPRETТА ТÆKIFÆRA

VERKSMIÐJA HEILSUPRÓTEINS TEKIN Í GAGNIÐ Á SAUÐÁRKROKI  
HÁTÍÐIN VERÐUR SETT KL. 15:30

- Dagskrátriði kynnt
- Ávarp forsætisráðherra, **Bjarni Benediktsson**
- Ávarp stjórnarformanns Heilsupróteins ehf., **Ari Edwald**
- Ávarp stjórnarmanns Heilsupróteins ehf., **Pálmi Vilhjálmsson** mjólkurverkfræðingur
- **Vígsla**. Fyrrverandi og núverandi landbúnaðar- og umhverfisstjórnendur vígja verksmiðjuna. Gestum boðið að skoða hana.
- **Karlakórinn Heimir** syngur á milli atriða

**Léttar veitingar, próteinbætt hátíðarerta, heilsuþúst með próteini, kokteill með mysualkóhóli, skyrís og fleira próteinríkt.**

*Heilsuprótein ehf. er fyrirtæki í sameiginlegri eigu Mjólkursamsölnunnar ehf. og Kaupfélags Skagfirðinga svf. Sá hluti verksmiðjunnar sem nú verður tekinn í notkun markar tímamót í umhverfismálum mjólkuriðnaðarins á Íslandi. Þar verður unnið hágæða próteinduft úr mysunni sem fellur til við ostagerð á Vestur-, Norður- og Austurlandi og runnið hefur til sjávar fram að þessu.*

*Samhliða því að leysa stórt umhverfismál verður til virðisaukandi starfsemi fyrir mjólkuriðnaðinn með framleiðslu á þurrkuðu mysupróteini og etanóli, sem vonandi gefur tækifæri á næstu árum og áratugum til verulegrar verðmætasköpunar og gjaldeyrisskapandi framleiðslu.*

*Síðari áfangi verksmiðjunnar, sem vonast er til að komist í gagníð eigi síðar en á árinu 2019, mun vinna etanól (alkóhól) úr mjólkursykrinum í mysunni. Eftir síðari áfangann mun einungis hreint vatn renna til sjávar frá þessari framleiðslu.*



ALLIR VELKOMNIR

**HEILSUPRÓTEIN EHF.**

HÁGÆÐA PRÓTEIN



# HAUSTTILBOÐ BÍLALANDS

Bílland býður nokkra bíla á einstökum kjörum! Komdu strax í dag og tryggðu þér hlýjan og góðan bíl fyrir haustið á frábæru verði.



www.bilaland.is

26.025 kr.  
á mán. m.v. 20% útborgun.



Rnr. 153047

MERCEDES-BENZ B 180 CDI  
Nýskr. 06/13, ekinn 83 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð 2.690 þús. kr.

HAUSTTILBOÐ:  
1.990 þús. kr.

26.025 kr.  
á mán. m.v. 20% útborgun.



Rnr. 400160

NISSAN Juke Acenta 2wd  
Nýskr. 06/15, ekinn 50 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð 2.390 þús. kr.

HAUSTTILBOÐ:  
1.990 þús. kr.

36.333 kr.  
á mán. m.v. 20% útborgun.



Rnr. 370723

VW Tiguan Trend&Fun  
Nýskr. 05/14, ekinn 59 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 3.290 þús. kr.

HAUSTTILBOÐ:  
2.790 þús. kr.

26.025 kr.  
á mán. m.v. 20% útborgun.



Rnr. 370494

RENAULT Megane Scenic III  
Nýskr. 08/14, ekinn 68 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 2.490 þús. kr.

HAUSTTILBOÐ:  
1.990 þús. kr.

33.397 kr.  
á mán. m.v. 20% útborgun.



Rnr. 400022

NISSAN X-Trail SE  
Nýskr. 09/09, ekinn 101 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 1.980 þús. kr.

HAUSTTILBOÐ:  
1.580 þús. kr.

19.583 kr.  
á mán. m.v. 20% útborgun.



Rnr. 321106

HYUNDAI i30 Classic Wagon  
Nýskr. 05/14, ekinn 100 þ.km,  
bensín, beinskiptur.  
Verð 1.790 þús. kr.

HAUSTTILBOÐ:  
1.490 þús. kr.

# bílland

Opið frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og  
Hyundai notaðir bílar - Kaupúni 1 - 210 Garðabæ  
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

## Lýsir ofbeldinu gegn hinsegin fólki í Téténíu

Samkynhneigður karlmaður lýsir fyrstur ofbeldi sem hann þurfti að þola í fangabúðum hinsegin fólks í héraðinu Téténíu. Hálf tónn er frá því fjallað var um að yfirvöld hefðu handtekið mikinn fjölda hinsegin fólks og beitt ofbeldi.

**RÚSSLAND** „Þeir börðu mig með priki í langan tíma. Ég var barinn í fætturna, rifbeinin, rassinn og bakið. Þegar ég féll til jarðar rifu þeir mig upp og héldu áfram. Á hverjum einasta degi fullvissuðu þeir mig um að ég myndi deyja og sögðu mér hvernig,“ sagði Maxim Lapunov, þrítugur samkynhneigður karlmaður frá Síberíu, á fundi mannréttinda-baráttufólks í Moskvu. Lapunov er sá fyrsti sem lýsir ofbeldinu sem fer fram í fangabúðum hinsegin fólks í rússneska sjálfstjórnarhéraðinu Téténíu.


Hálf tónn er frá því dagblaðið Novaya Gazeta greindi fyrst frá því að samkynhneigðir væru handteknir í héraðinu, þeim safnað saman og þeir pyntaðir. Alls hafa 27 menn, sem hafa sams konar sögur að segja, flúið héraðið að undanfögnu með hjálp samtakanna LGBT-Network.

„Þeir ruddust inn í klefann á kortersfresti og hrópuðu á mig að ég myndi deyja því ég væri samkynhneigður,“ sagði Lapunov enn fremur en hann var í tólf daga í blóði drifnum fangaklefa. Í máli lögfræðings hans á samkomunni kom fram að þrátt fyrir að meðferðin hafi verið tilkynnt rússneskum yfirvöldum hefði engin rannsókn hafist.

Í samtali við BBC í gær sagði einn hinna 27, í skjóli nafnleyndar, að hann hafi verið pyntaður með raflosti. Jafnframt sagði hann markmið Téténa að útrýma samkynhneigðum í héraðinu. Það stangast á við framburð Ramzans Kadyrov, héraðsstjóra Téténíu, sem sagði í júlí að fréttir af meðferð samkynhneigðra væru „skáldskapur, runninn undan rifjum djöfulsins“. Enga samkynhneigð væri að finna í héraðinu.

Lapunov sagði að honum hefði verið sleppt úr haldi eftir að vinir hans hengdu upp plaköt þar sem lýst var eftir honum í héraðshöfuðborginni Grosní. Fjölskyldan tilkynnti hvarf hans til lögreglu en að sögn Lapunovs bjóst hún við því að hún myndi fá símtal um að hún þyrfti að sækja lík hans.

„Ég gat varla skriðið þegar mér var sleppt. Kvein og óskur annarra fanga heyri ég enn í martröðum mínum,“ sagði Lapunov og bætti því við að



Maxim Lapunov sætti pyntingum í tétensku fangelsi. NORDICPHOTOS/AFP

● ● Þeir ruddust inn í klefann á kortersfresti og hrópuðu á mig að ég myndi deyja því ég væri samkynhneigður.

Maxim Lapunov, samkynhneigður Síberíumaður

hann hafi fengið fjölda hótana þar sem þess er krafist að hann dragi vitnisburð sinn til baka. Það ætli hann ekki að gera því hann vilji að pynturum hans verði refsað.

„Þetta ætti ekki að vera svona. Við erum öll mennsk. Við höfum öll réttindi. Ef það er hægt að brjóta á þessum réttindum í Téténíu er það hægt hvar sem er. Enginn veit hverra sonur eða dóttir verður næst/ur,“ sagði Lapunov.

thorgnyr@frettabladid.is

## Fordæmir Möltu og kallar mafiuríki

**MALTA** Sonur Daphne Caruana Galizia, blaðamanns sem fjallaði ítarlega um Panamaskjölin og aflandsfélag tengt Joseph Muscat forsætisráðherra og var myrt á mánudag, fordæmði stjórnvöld á Möltu harkalega í gær. Sagði hann að um mafiuríki væri að ræða en stjórnvöld skýldu sér á bak við frjálslýnda ímynd.

„Já, svona er þetta bara. Þetta er mafiuríki þar sem þú mátt, sem betur fer, ráða því hvað stendur um kyn þitt á skilríkjum þínum. Þú verður hins vegar sprengdur í loft upp fyrir að nýta tjáningarfrelsið,“ sagði sonurinn, Matthew. Bætti hann því við að móðir hans hafi verið tekin af lífi því hún reyndi að koma í veg fyrir lögbrot.

Galizia dó í bílsprengju á mánudaginn þegar hún ætlaði að keyra frá heimili sínu í Bidnija. Matthew var stutt frá sprengingunni og reyndi að bjarga móður sinni úr brennandi bíl hennar. Auk þess að saka stjórnvöld um að haga sér eins og skipulögð glæpasamtök sagði hann lögreglu jafnframt vanhæfa.



Mótmaendur kröfðust réttlætis í höfuðborginni í gær. NORDICPHOTOS/AFP

● ● Þetta var ekkert venjulegt morð og enginn harmleikur.

Matthew Caruana Galizia

„Ég mun aldrei gleyma því þegar ég hljóp í kringum eldhafið og reyndi að finna leið að dyrunum. Þetta var ekkert venjulegt morð og enginn harmleikur. Það er harmleikur þegar einhver verður fyrir rútu. Þegar það er blóð og eldur allt um kring er það stríð.“ – þea





# AMERÍSKIR DAGAR

12.-22. OKTÓBER



TILBOÐ  
**35%**  
afsláttur á kassa

GRÍSARIF  
**799** kr/kg



**Twinkies**  
Ameríka í tveimur bitum.

**Reese's**  
Í öllu sínu veldi.

**Scratch & Grain**  
Kökumixin úr Shark Tank!

**Jimmy's Nachos**  
Með tveimur tegundum af sósum salsa og ostal

Gildir til 22. október á meðan birgðir endast.



**Purity Organic**  
Liffrænar drykkir.

**Two bite**  
Brownies og kanilsnúðar klikka ekki.

**Twizzlers**  
Ekta amerískur lakkris.

**Pop tarts**  
Rista og njóta.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



# Gengið á vegg



Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is

**A**tburðir síðastliðins mánudags þegar sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu úrskurðaði um lögban á fréttáflutning Stundarinnar og Reykjavík Media eru áfall og afturför fyrir íslenska fjölmiðlun. Atgla að opinni, lýðræðislegri og lífsnaðsynlegri fjölmiðlun og tjáningarfrelsi í landi þar sem hvert spillingarmálið virðist reka annað. Takmörkun á möguleikum ljósenda til þess að fá upplýsingar sem eiga erindi við almenning. Takmörkun á lýðræðislegum réttindum almennings. Lýðræði þar sem fjölmiðlar eru múblundnir og þeim gert ómögulegt að fjalla um hagsmunatengsl ráðamanna við fjármálaöflin stendur á brauðfötum.

Einhverjum kann að þykja þetta stór orð en eftirleikur atburða mánudagsins sýnir svo ekki verður um villst að svo er ekki. Á undanförunum árum hefur íslenskt samfélag mátt horfa upp á hvert málið á fætur öðru þar sem hagsmunir starfandi stjórnmalamanna og fjármála skarast með óeðlilegum hætti. Án ábyrgra fjölmiðla sem treysta á stjórnarskrárbundið málfrelsi er viðbúið að ekkert þessara mála hefði litið dagsins ljós. Við getum rétt reynt að gera okkur það í hugarlund hver staðan væri í íslenskum stjórnmalum í dag ef lögban hefði verið sett á umfjallanir fjölmiðla sem byggðu á Panamaskjölunum svo dæmi sé tekið. Það er í það minnsta óhætt að segja að hún væri vægast sagt önnur en hún er í dag vegna þess að upplýsingar eru grundarvallarforsenda almennings fyrir ákvarðanatöku, afstöðu og trausti til valdsins.

Vald sem hefur eitthvað að fela og vill þannig stjórna fortíðinni er varasamt og ekki traustsins vert. Þetta vita fjölmiðlar og þetta veit almenningur enda var það fyrst og fremst leyndarhyggja sem varð tveimur síðustu ríkisstjórnnum að falli. En nú vandast málið, ekki vegna þess að núverandi ríkisstjórn er þegar fallin, heldur vegna þess að nú er ekki lengur þjóðkjörið vald á ferð heldur skipað.

Það eru lögfræðingar á fullnustusviði sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu sem meðhöndla lögbannefndina frá Glitni HoldCo. Embættinu sjálfu gegnir Þórólfur Halldórsson, hann var skipaður af Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, þáverandi innanríkisráðherra Sjálfstæðisflokksins, og hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir sama flokk. Stundin hefur flutt fréttir af fjármálaumsvifum Bjarna Benediktssonar og fjölskyldu hans í aðdraganda þess að bankarnir féllu og öllum er okkur kunnugt um óánægju stuðningsmanna hans með þennan fréttáflutning.

Vandinn er að með embættisvæðingu þöggunarinnar gengur almenningur á vegg. Lögbannið leiðir til þess að upplýsingar fá ekki að koma í fram í dagsljósið og enn myndast gjá á milli valds og þjóðar. Þjóðar sem hefur þroskast og lætur ekki lengur þjóða sér heimatilbúinn hálf sannleik eða þögn þar til málið er gengið yfir. Eitthvað sem stjórnmalunum og embættismannakerfinu á Íslandi gengur óendanlega illa að átta sig á eins og allt of mörg dæmi sanna. Við slíkt verður ekki lengur buið og því hlýtur það að vera skýlaus krafa allra sem láta sig varða tjáningarfrelsi og lýðræði þjóðarinnar að þetta glórulausa lögban verði afturkallað strax.

**Lögbannið leiðir til þess að upplýsingar fá ekki að koma í fram í dagsljósið og þar með myndast enn og aftur gjá á milli valds og þjóðar.**

## Haldór



## Frá degi til dags

**Það sem er bannað**  
Lögbannið sem sett var á umfjöllun Stundarinnar sem byggð er á gögnum úr gamla Glitni var mikið á milli tannanna á folki í gær, skiljanlega. Lögmáður Stundarinnar sagði til að mynda óheimilt að banna umfjöllun sem eigi erindi við almenning. Það hvað á erindi við almenning er frekar óljóst. Hins vegar verður umfjöllun um forsætisráðherra að teljast eiga erindi við almenning. Lengi hefur tíðkast að fjölmiðlar fjalli um ráðamenn út frá leknum gögnum, til að mynda Panamaskjölunum, og hefur slík umfjöllun jafnan verið sanngjörn og þörf.

**Fórnlambíð**  
Þótt umfjöllunin um Bjarna Benediktsson, sama hvað hverjum finnst um það sem kom fram í henni, hafi ef til vill haft slæm áhrif á Sjálfstæðisflokkinn hefur umræðan um téð lögban ekki síður slæm áhrif. Á því átta áhrifafólk flokksins sig. Til að mynda sagði starfandi varaformáður ljóst að lögbannið og tíma-setningin hjálpuðu flokknum ekki. Utanríkisráðherra tók í sama streng og sagði Sjálfstæðisflokkinn ekki hafa komið að banninu á neinn hátt. Þingmaðurinn Bryndís Haraldsdóttir litur svo á að bannið sé hrein aðför að flokknum. Spurning er því hvert raunverulega fórnarlambið í málinu er. Sjálfstæðisflokkurinn eða fjölmiðlar og frelsi þeirra?  
thorgnyr@frettabladid.is

## Klárur verkið

2017



Sigurður Ingi Jóhannsson  
formaður Framsóknarflokksins

**H**agtölur benda til þess að ungt fólk sé í verri stöðu nú á Íslandi en áður. Atvinnutækifærin eru færri, launin eru lægri, eignamyndunin er minni og húsnæðisvandinn snertir öll heimili landsins. Hætta er á að börnin okkar leiti tækifæra annars staðar frekar en hérlendis, ef ekkert er að gert. Húsnæðisvandinn er grafalvarlegt mál sem við verðum að finna lausn á. Bæta þarf aðgengi að fjármagni, fella niður afborganir námslána og auka framboð af íbúðum viðsvegar um landið.

**Svissneska leiðin**  
Framsókn vill að ungu fólki verði heimilt að taka út iðgjald sem það hefur lagt í lífeyrissjóð og nýta sem útborgun við íbúðarkaup. Í Sviss hefur þessi leið nýst vel til að auðvelda fólki að eignast eigið húsnæði. Hægt er að nýta hluta af lífeyrissjóði sem útborgun og þarf því ekki að greiða vexti til bankanna inn á lán af þeirri fjárhæð. Þegar íbúðin er seld er iðgjaldin skilað aftur inn í lífeyrissjóðinn. Það er bein fjárfesting til þeirra sem nýta. Lífeyrissjóðurinn er á fyrsta veðrétti og fær því allt sitt til baka. Leiðin skadar auk þess ekki þá sem nýta sér ekki úrræðið. Þeirra iðgjald er enn inni í viðkomandi lífeyrissjóði og hann sér um ávöxtun á þeim fjárumum. Útfærsluatriði er hvenær lífeyrissjóðurinn fær sitt til baka. Gæti verið við 50 ára aldur. Þá hefur eign í íbúðinni aukist og viðkomandi getur ráðið hvort hann borgar það sama til baka og var tekið út eða greiðir meira.

**Pungur baggi**  
Á sama tíma og ungt fólk með börn er að reyna að eignast heimili eru námslánin oftan en ekki pungur baggi í heimilisrekstri. Framsókn vill að ungt fólk geti frestað afborgunum á námslánum sínum í fimm ár við kaup á fyrstu íbúð. Jafnframt þarf að koma hreyfingu á húsnæðismarkaðinn með því að auka framboðið af íbúðum. Framsókn vill að í samstarfi við lífeyrissjóðina verði fjárfestir minnst 10 milljarðar árlega til uppbyggingar á 300 hagkvæmum íbúðum og hjúkrunarrýmum fyrir eldra fólk. Klárur nú verkið og búum til stöðugleika í samfélaginu. Getum við ekki öll verið sammála um það?



- gerum betur





# Tryggjum menntun – treystum velferð



**2017**  
Jón Atli  
Benediktsson  
rektor Háskóla  
Íslands

Verðmætasköpun og velferð hvers samfélags byggist á menntun og rannsóknum og þeirri nýsköpun sem af þeim leiðir. Ísland er þar engin undantekning. Þjóðin vill að fjárfest sé í menntun sem skilar sér í vandaðri þjónustu og fjölbreyttu atvinnulífi, samfélaginu öllu til heilla. Öflugir háskólar eru forsenda þess að byggja megi upp þekkingarsamfélag þar sem

menntun, rannsóknir og nýsköpun skapa órofa heild.

Háskóli Íslands hefur verið mótandi afl í íslensku samfélagi í meira en heila öld. Hann hefur menntað fólk til áhrifa á öllum sviðum atvinnu- og þjóðlífs og þannig verið undirstaða framsækis atvinnulífs og farsæls samfélags. Þegar grannt er skoðað má sjá að áhrif af starfsemi skólans á íslenskt samfélag eru allumlykjandi. Þau hefjast við fæðingu barna okkar og fylgja þeim í gegnum leik-, grunn- og framhaldsskólana og til viðbótar í námi á háskólastigi og í sérhæfingu í framhaldi þess. Áhrifanna gætir ekki síður í gegnum atvinnulífið, aðgengi okkar að heilbrigðisþjónustu, í öryggisneti lög-gæslunnar, lystisemdum menningarinnar og áfram mætti lengi telja.

Öflugt háskólastarf á Íslandi skiptir okkur öll máli til að tryggja að Ísland sé aðlaðandi staður til að búa á til framtíðar. Árangur Háskóla Íslands stendur og fellur með faglegum metnaði annars vegar og fjárfestingu stjórnvalda hins vegar. Um hið fyrra þarf ekki að fjölyrða, hvorki hjá nemendum né kennurum. Háskólinn hefur á alþjóðlegan mælikvarða náð frábærum árangri sem er m.a. mældur í áhrifum þeirra rannsókna sem stundaðar eru við skólann og í margþættu framlagi hans til framfara jafnt innanlands sem utan. Hvað fjármögnun varðar er Háskóli Íslands upp á forgangsröðun stjórnvalda kominn. Vandseð er hvar hægt er að festa fé í meiri verðmætum en menntun og

rannsóknum en það er óneitanlega langur vegur frá því að framlög til háskólamenntunar á Íslandi standist samanburð við það sem tíðkast hjá nágrannaþjóðum okkar.

Háskóli Íslands hefur á undanförunum áratugum haslað sér völl sem alþjóðlegur rannsóknarháskóli á heimsmælikvarða. Það kallar bæði á elju og árvekni að halda sér í þeirri úrvalsdeild og til þess þarf stuðning og hvatningu frá samfélaginu og stjórnvöldum. Samofnir þættir menntunar, rannsókna og nýsköpunar eru um allan heim viðurkenndir sem drifkraftur verðmætasköpunar og velferðar. Þeir eru í raun fjöregg þess samfélags sem allir Íslendingar vilja byggja. Þess vegna skora ég á alla frambjóðendur að tala um mikilvægi menntunar í



**Háskóli Íslands hefur á undanförunum áratugum haslað sér völl sem alþjóðlegur rannsóknarháskóli á heimsmælikvarða. Það kallar bæði á elju og árvekni að halda sér í þeirri úrvalsdeild og til þess þarf stuðning og hvatningu frá samfélaginu og stjórnvöldum.**

aðdraganda kosninga og tryggja að forgangsraðað sé í þágu öflugs háskólakerfis að þeim loknum.

## Heiðarleg, opin og skilvirk stjórnsýsla



**2017**  
Elvar Örn  
Arason  
stjórnsýslufræðingur og skipar sæti á lista Bjartrar framtíðar í Reykjavík norður

Markmiðið með stofnun Bjartrar framtíðar var að breyta stjórnmálanum á Íslandi og stuðla að góðum stjórnarháttum og gagnsæri stjórnsýslu. Þjórt framtíð hefur frá stofnun lagt ríka áherslu á heiðarlega, opna og skilvirka stjórnsýslu. Þetta var eitt af því sem flokkurinn lagði áherslu á að sett yrði inn í stjórnarsáttmála síðustu ríkisstjórnar. Íslendingar geta lært heilmargt af nágrannaþjóðunum á þessu sviði. Til að mynda Svipjód sem hefur komið sér saman um sex grunnildi sem veita

opinberum starfsmönnum ákveðna leiðsögn um hvernig þeir eigi að haga störfum sínum. Sænskir borgarar eiga að geta gengið að því vísu að ákvarðanir sem teknar eru innan stjórnsýslunnar séu lögmætar, hlutlægni og jöfn málsmeðferð sé viðhöfð óháð því hver á í hlut. Auk þess sem virðing sé borin fyrir skoðana- og tjáningarfrelsi, virðing borin fyrir einstaklingnum og síðast en ekki síst að lögð sé áhersla á skilvirkni stjórnsýslunnar. Jöfn meðferð allra þegna innan stjórnsýslunnar óháð kyni, aldri, kynþætti eða lífs-sköðunum er grundvallaratriði.

Þess vegna skiptir það höfuðmáli fyrir Bjarta framtíð, sem leggur ríka áherslu á mannréttindi, að það sé hafið yfir allan vafa að allir Íslendingar geti treyst því að hljóta sömu meðferð hjá opinberum stofnunum. Það er lykilatriði að tryggja að ákvarðanir sem teknar eru innan stjórnsýslunnar séu hafnar yfir hagsmuni einstakra stjórnmálamanna, stjórnmálaflokka og sérhagsmuni útvalinna. Góð stjórn-



**Það er lykilatriði að tryggja að ákvarðanir sem teknar eru innan stjórnsýslunnar séu hafnar yfir hagsmuni einstakra stjórnmálamanna, stjórnmálaflokka og sérhagsmuni útvalinna.**

sýsla byggist á því að til staðar séu sam-eiginleg gildi og lögmál sem stofnanir ríkisins og opinberir starfsmenn hafa tileinkað sér.

Þjórt framtíð stefnir að því að halda áfram að bæta stjórnsýsluna með því m.a. að bæta viðmót og aðgengi almennings að stjórnsýslunni, opna bókhald ríkisins og efla upplýsingaskýldu opinberra aðila. Traust almennings og atvinnulífsins á stjórnsýslunni skapar stöðugleika, samheldni og ýtir undir almenna hagsæld.

## Ryk- og vatnssugur fyrir bílskúr og iðnað

Drive Bílskúrsryksuga 18 lítra 1200W  
**7.290**

Soteco Base XP 315 1300W Iðnaðarryk-/vatnssuga, 23L, létt og öflug  
**32.390**

Lavor CF20 ryk/vatnssuga 1400W 20 lítra  
**12.490**

ITTÖLSK GÆÐI

**MÚRBÚÐIN**  
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Kletthálsi Reykjavík  
Reykjanesbæ



**TIL AFGREIÐSLU STRAX!**

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

Bilasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bilasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bva.is  
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is



# ALVÖRU ATVINNUBÍLL

## Dacia Dokker

VERÐ: **2.390.000 Kr.**

VERÐ ÁN VSK: **1.927.419 Kr.**

Dacia Dokker er einn hagkvæmasti kosturinn sem í boði er fyrir þá sem leita að litlum sendibíl. Dacia Dokker er með 1,5 l, 90 hestafla díslivél sem notar einungis 4,5 l í blönduðum akstri\*. Dacia bílarnir hafa komið einskalega vel út hvað varðar áreiðanleika í rekstri.



 Jóhann Ólafsson & Co

## LED lausnir frá sITeCO

Lýsing fyrir götur, göngustíga og bílastæði.

Ráðgjöf og nánari upplýsingar má fá hjá sölumönnum.



Smart City lausnir

Jóhann Ólafsson & Co.  
Krókháls 3, 110 Reykjavík  
533 1900  
sala@olafsson.is

**OSRAM**

# Staðan í húsnæðismálum



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri

Erum með vana smiði, verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444

Vissir þú að...




Barnaheill  
Save the Children á Íslandi

börn eiga rétt á að leika sér




### Tekjur við þriðja skattþrep auk auðlegðarskatts

milljónir króna í samanburði við útgjaldaloforð



### Færri en þúsund með yfir 25 milljónir í árstekjur

Núverandi skattþrep auk þriðja skattþreps



laun út úr eigin rekstri eða flytja einfaldlega af landi brott. Slík viðbrögð yrðu vitanlega til þess fallin að draga úr heimtum af skattahækkunum.

Hvað varðar upptöku auðlegðarskatts, eins og nokkrir stjórnmalaflokkar hafa talað fyrir, þá skal taka fram að nákvæm útfærsla á viðmiðun hefur ekki komið fram, en nefnt hefur verið að leggja auðlegðarskatt á eignir eignamesta tekjuhópsins. Til einföldunar er stuðst við sambærilegt kerfi auðlegðarskatts og var við lýði á árunum 2010 til 2014 þar sem auðlegðarskattur var lagður á eignir og sérstakur viðbótarauðlegðarskattur á skattstofn sem var mismunur á nafn- og raunvirði hlutabréfa. Eru fasteignir taldar með í útreikningunum.

Útreikningarnir leiða í ljós að auðlegðarskattur myndi ekki einn og sér brúa það bil sem upp á vantar til þess að fjármagna gefin kosningaloforð. Ef miðað er við að lagður yrði auðlegðarskattur á hreina eign að virði yfir 150 milljónir króna, svo eitt dæmi sé tekið, þá myndu tekjur ríkissjóðs aukast um 5,1 til 10,2 milljarða króna, eftir því við hvaða skatthlutfall er miðað.

### Skattar með þeim hæstu


Ásdís segir því oft haldið fram í opinberri umræðu að beita þurfi skattkerfinu til þess að draga úr tekjujöfnuði. „Staðan er hins vegar sú að tekjujöfnuður er einn sá mesti hér á landi á meðal OECD-ríkja. Þetta eru tölulegar staðreyndir sem finna má í gagnagrunni OECD.“

Það sé einmitt ástæðan fyrir því af hverju hægt sé að sækja svo litlar viðbótarskatttekjur með því að setja hér á hátekjuskatt. Tekjujöfnuðurinn sé það mikill að ríkið beri afar litid úr bytjum með skattheimtu á hæstu tekjur.

Ásdís bendir auk þess á að hér á landi séu opinber útgjöld nú þegar ein þau mestu meðal ríkja OECD. „Á sama tíma dregur hið opinbera nánast hvergi meiri skatttekjur til sín sem hlutfall af landsframleiðslu. Það er því eðlilegt að spyrja sig að ef það skortir fé til þarfra verkefna, eru íþyngjandi skattahækkanir rétta leiðin.“

Skattar voru eins og kunnugt er hækkadír í kjölfar hrunsins og hafa hækkanirnar ekki verið dregnar til baka svo neinu nemi. Það er varla svigrúm til frekari skattahækkana, hvort sem horft er til einstaklinga eða fyrir-

### Er meira að sækja í auknar álögur á sjávarútveg?



Heimild: Deloitte

### Sjávarútvegsfyrirtæki greiddu 37 prósent af hagnaði í skatta

Sjávarútvegsfyrirtæki greiddu í fyrra um 37 prósent af hagnaði í tekjuskatt og veiðigjöld. Hlutfallið hefur verið á svipuðu reki síðustu þrjú ár en fór hæst í 56 prósent árið 2012.


Tillögur margra stjórnmalaflokka fyrir komandi kosningar er að auka álögur á sjávarútvegsfyrirtæki, sér í

lagi þau stærri, en sem dæmi hafa Vinstri grænir viðrað hugmyndir um að taka upp afkomutengd auðlindagjöld. Samfylkingin gagnrýnir auk þess í kosningaáherslum sínum „methagnað í sjávarútvegi undanfarin ár á sama tíma og veiðigjöld hafa lækkað. Þessi þróun mun ekki halda áfram verði

Samfylkingin í ríkisstjórn,“ segir þar. Miðað við hvað sjávarútvegsfyrirtæki greiða nú þegar stórt hlutfall af hagnaði í opinber gjöld – á bilinu 37 til 56 prósent á síðustu fimm árum – er erfitt að sjá að boðaðar hækkanir á veiðigjöldum geti skilað umtalsverðum tekjum til viðbótar til ríkissjóðs.

### Heildarskatttekjur hins opinbera 2015

Sem hlutfall af landsframleiðslu, leiðrétt fyrir greiðslum almannaþrygginga




tækja. Þess vegna köllum við eftir því að yfirboðum linni og að stjórnmalamenn tali um raunhæfar leiðir til að fjármagna kosningaloforðin. Það hlýtur að vera svigrúm til þess að nýta skattfé landsmanna betur og forgangsraða í ríkisrekstri þegar skattheimtan er nú þegar í hæstu hæðum.“

Katrín Ólafsdóttir, lektor við

### Viðbótartekjur við þriðja skattþrep

Hlutfall af tekjum og milljónir króna



Háskólann í Reykjavík og fulltrúi í peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands, segir það gríðarlega nauðsynlegt að ríkið yti ekki undir þenslu í þjóðarþryggingum. „Menn verða að stíga varlega til jarðar þannig að það myndist ekki mikil þensla. Hún kæmi þá fram í vaxtahækkunum og öðru líku.“

Katrín segir stöðu ríkissjóðs mjög fína. Þenslan sé hins vegar mikil og því sé eðlilegt að ríkið haldi að sér höndum. „Það væri alveg hægt að auka útgjöldin ef það liggur skýrt fyrir hvernig eigi að fjármagna útgjaldahækkanirnar. Það þyrfti ekki endilega að hafa neikvæð áhrif á þenslustigið.“

Ari segist eiga erfitt með að skilja tal um að auka tekjur ríkisins með því að „færa skattbyrðina til“ og hækka ekki skatta. „Ef ætlunin er að auka ríkistekjur hljóta skattarnir að hækka, en svo er bara spurningin hvar hækkanirnar lenda.“

Hann segir ríkissjóð vera í góðri stöðu sögulega séð. „Við höfum sýnt talsvert mikla íhaldssemi í útgjöldum á síðustu árum. Þetta hefur verið í jánnum sem er kannski ástæðan fyrir því að margir sakna þess að settir séu peningar í hina og þessa málaflökka.“

Vissulega séu ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar hins opinbera upp á mörg hundruð milljarða króna stórt vandamál sem eftir eigi að glíma við. „Að þeim slepptum er staðan ágæt. Miðað við allt og allt erum við í þokkalega góðu jafnvægi.“

ó v i ð v j g e r u m k a s æ l y e d æ v æ e a  
f f l ó k i n n b l h l u t c ó þ þ v y e g j o  
k e i n f a l d a n i b o æ v i c r n s h ó f c  
d ö u y g n m v t r d r ö h v v ö c m u o ó n o

### VIÐ ERUM TÖLVUDEILD YFIR 400 FYRIRTÆKJA

Daglegur rekstur á tölvukerfum ásamt hýsingu gagna og hugbúnaðar eru okkar ær og kúr. Við veitum persónulega þjónustu og erum sérfræðingar í tækniþörfum viðskiptavina okkar.

Við erum óháð vélbúnaðar- og hugbúnaðarframleiðendum og þannig tekur okkar ráðgjöf eingöngu mið af hagsmunum viðskiptavina okkar.

Kynntu þér málið: 460 3100 / sala@thekking.is







Fjármálaeftirlitið sektaði nýlega verðbréfafyrirtækið Arctica Finance um 72 milljónir króna vegna brota á reglum um kaupaukagreiðslur.

## Fjármálaeftirlitið framfylgir ákvæðum laga um kaupauka



Unnur Gunnarsdóttir  
forstjóri FME

Nokkuð ítarleg grein birtist í Markaði Fréttablaðsins hinn 11. október sem vísað er til á forsiðu með yfirskriftinni „Smærri fyrirtækjum settur stóllinn fyrir dyrnar“. Þar segir einnig að ströng túlkun Fjármálaeftirlitsins á reglum um kaupaukagreiðslur hafi það í för með sér að fjármálfyrirtæki eigi þess ekki lengur kost að umbuna starfsfólki með greiðslu arðs af B-hlutabréfum.

Í tilefni greinarinnar langar mig að koma á framfæri nokkrum atriðum til að skýra afstöðu Fjármálaeftirlitsins varðandi eftirlit með kaupaukum.

Fyrst af öllu vil ég benda á að það er hlutverk Fjármálaeftirlitsins að framfylgja lögum um fjármálfyrirtæki sem Alþingi hefur sett, þ. á m. ákvæðum þeirra er varða kaupauka. Ákvæði um hámark kaupauka og bann við að greiða vissum starfsmönnum fjármálfyrirtækja kaupauka er að finna í 57. gr. laga um fjármálfyrirtæki, auk þess sem ákvæðið skyldar einnig Fjármálaeftirlitið til að setja reglur um frestun kaupauka.

Þá vil ég benda á að smæstu fjármálfyrirtækin (verðbréfafyrirtæki sem bera takmarkaðar starfskyldur) eru nú þegar undanþegin takmörkunum á kaupaukum og kaupaukakerfum, sbr. e-lið 4. mgr. 25. gr. laga um fjármálfyrirtæki.

Enn fremur vil ég undirstrika að Fjármálaeftirlitið hefur ekki bannað að hlutafé fjármálfyrirtækja sé skipt í flokka eða að starfsmenn eigi hluti í fjármálfyrirtækjum. Telji Fjármálaeftirlitið hins vegar að með slíkrri skiptingu sé verið að komast undan ákvæðum laga og reglna um kaupauka og kaupaukakerfi mun eftirlitið bregðast við.

Að því er varðar málið sem vísað er til í grein Markaðarins, og tengist Arctica Finance hf., þá var Fjármálaeftirlitið ekki kunnugt um það fyrr en nýlega að starfsmenn hefðu fengið að kaupa B, C og D bréf á nafnverði (þ.e. þeir greiddu samtals 200 þúsund krónur fyrir hlutina) en fengið á sex ára tímabili 668 milljónir króna í arð vegna sömu bréfa. Þetta taldi Fjármálaeftirlitið ástæðu til að rannsaka og í kjölfarið að bregðast við með stjórnvaldssekt og úrbótakröfu. Ítarlegan rökstuðning fyrir þessari ákvörðun er að finna í gagnsæis-tilkynningu sem Fjármálaeftirlitið gaf út á vef sínum hinn 5. október síðastliðinn.

Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins.

# Komið á óvart hvað forseti Bandaríkjanna er mikið fífl

## Svipmynd

Brynhildur Pétursdóttir,

Brynhildur Pétursdóttir, sem sat á Alþingi fyrir Bjarta framtíð á árunum 2013 til 2016, var í síðasta mánuði ráðin framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna. Brynhildur þekkir vel til samtakanna en hún starfaði þar og var ritstjóri Neytendablaðsins frá 2005 til 2013. Hún situr hér fyrir svörum í Svipmynd Markaðarins.

*Hvað hefur komið þér mest á óvart það sem af er ári?* Ég sá hvorki fyrir að það yrði kosið enn og aftur til Alþingis né að íslenska karlandslíðið í fótbolta tryggði sér rétt á HM. Þá hefur komið mér á óvart hvað verðbólgan hefur haldist lág og eins hvað forseti Bandaríkjanna er mikið fífl.

*Hvaða app notarðu mest?* Messenger væntanlega. Síðan hlóð ég niður einhverju rosalegu skipulagsappi sem ég taldi víst að myndi breyta lífi mínu til hins betra en hef ekki komist í að læra á það.

*Hvað gerir þú í fristundum þínum?* Ég er heimakær með afbrigðum þannig að þegar ég kem heim úr vinnu er líklegt að ég klappi kettinum, þrjóni aðeins, athugi hvort eitthvert spennandi efni sé komið inn á Netflix og rölta í sund með manninum eða í göngu-túr. Svo les ég frekar mikið og get alls ekki sofnað nema glugga aðeins í bók.

*Hvernig heldur þú þér í formi?* Almennt finnst mér gönguferðir um holt og hæðir besta hreyfingin og einnig sund. Ég keypti mér síðan eitthvert forláta flotvesti til að stunda það sem er kallað aqua run. Það eru liðnir margir mánuðir síðan og ég hef ekki enn þorað að mæta með beltidi í sund. Bind samt miklar vonir við þessa græju.

*Hvernig tónlist hlustar þú á?* Ég hlusta eiginlega á allt. Það er eitt-hvað við eighties tónlist og Eurovision-smelli sem gerir mig glaða



Brynhildur Pétursdóttir er nýráðin framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna.

**Jólaöldin mega alveg byrja að hljóma snemma mín vegna. Nema íslenska jólaútgáfan af Gente di mare – hverjum þótti það eiginlega góð hugmynd?**

og jólaöldin mega alveg byrja að hljóma snemma mín vegna. Nema íslenska jólaútgáfan af Gente di mare – hverjum þótti það eiginlega góð hugmynd? Ef ég ætla í alvöru að koma mér í stuð set ég Drop the

World með Lil Wayne í græjurnar, stilli á hæsta og syng með.

*Ertu í þínu draumastarfi?* Ég er svo heppin að hafa verið í mörgum draumastörfum. Starfið mitt núna er skemmtilegt og krefjandi en ég finn í sjálfu sér ekki mikinn mun á því og fyrri störfum hjá Neytendasamtökunum þótt einhver titill hafi bæst við. Mér hefur alltaf fundist viss heildur að fá að starfa hjá Neytendasamtökunum og hreint með ólíkindum hvað svo fámennur vinnustaður nær að áorka miklu. Ég myndi hiklaust halda því fram að hjá samtökunum starfi algert draumastarfslið.

## Vandræðabörn Nike



Björn Berg Gunnarsson

Bókin Chase your shadow: The trials of Oscar Pistorius eftir Íslandsvininn John Carlin er með þeim áhugaverðari sem ég hef lesið í lengri tíma. Við þekkjum flest söguna í grófum dráttum. Vinsælasti fatlaði íþróttamaður heims skaut unnustu sína til bana á heimili þeirra í Pretoriu í Suður-Afríku á Valentínusardaginn 2013. Réttarhöldin vöktu heimsathygli og mörkuðu endalok ferils þessa magnaða íþróttamanns.

Helsti styrktaraðili Pistorius var íþróttavörumerkið Nike. „I am the bullet in the chamber“ stóð við hlið myndra af hlauparanum í auglýsingum en þegar hann var loks fundinn sekur um manndráp lauk Nike-samstarfinu sem hefði getað fært Pistorius hundruð milljóna króna í tekjur.

Ekkert fyrirtæki eyðir hærri upphæðum í að tengjast íþróttafólki en Nike. Það þarf því ekki að koma á óvart

að endrum og sinnum komi tengslin sér illa, eins og í tilviki hlauparans frá Suður-Afríku. En þetta gerist ekki endrum og sinnum heldur furðulega oft.

Enginn hjólagarpur hefur vakið viðlíka athygli og Lance Armstrong. Nike seldi vörur undir vörumerki góðgerðarsjóds hans, Livestrong, og greiddi honum persónulega um fimm milljarða króna í tengslum við markaðssetningu. Í kjölfar þess að upp komst um lyfjaneyslu Armstrongs rifti Nike samstarfinu og aðrir styrktaraðilar fylgdu í kjölfarið. Áætlað tímaritið Forbes að Armstrong hafi með þessu orðið af allt að 15 milljörðum króna í framtíðartekjur.

Það vantar ekki hneykslismálin hjá magnaðasta kylfingi sögunnar. Þrátt fyrir framhjáhald, lyfjanotkun og lélegan árangur hefur Nike stutt við bakið á íþróttamanninum sem á sínum tíma varð fyrstur til að þéna milljarð dollara á einu ári. Hann fær enn um tvo og hálfan milljarð króna frá aðilum á borð við Monster, Bridgestone og Taylor Made og Nike greiðir honum annað eins. Þetta er innan við helmingur þess sem hann fékk frá styrktaraðilum á meðan allt lék í lyndi.

Rannsókn University of California, Davis, á fjárhagslegum afleiðingum

framhjáhaldshneykslinsins árið 2009 leiddi í ljós að tap hluthafa styrktaraðila Woods nam á bilinu 600 til 1.450 milljörðum króna, meiru en hann hefur nú þegar, og mun, geta þénað á ferlinum.

Nike hefur kosið að tengja vörumerki sitt við fremsta íþróttafólk heims en reglulega kemur eitthvað miður skemmtilegt upp. Meðal þess íþróttafólks sem Nike hefur stutt á þeim tímamarki sem ferillinn fuðaði upp eru Ólympíumeistarinn í 100 metra hlaupi árið 2004, Justin Gatlin, og hlaupadrottningin Marion Jones. Bæði bættu þau árangur sinn með ólöglegum aðferðum og Nike sleit samstarfinu fljótlega. NFL-stjórnurnar Michael Vick og Adrian Peterson misstu auk þess samninga sína við Nike vegna hneykslismála, sem og þau Maria Sharapova og Manny Pacquiao.

Vel má vera að ávinningurinn af samstarfi við fremsta íþróttafólk heims hafi fært Nike hærri upphæðir en tapast hafa vegna þeirra sem hér er nefndir, en óheppnin virðist þó elta íþróttavörurissann á röndum. Nú segir Kanye West að Nike hafi gert milljarðs dollara samning við besta körfuknattleiksmann heims, LeBron James. Það er þá eins gott að hann haldi sig á mottunni.

Nýtt öflugt bókhaldskerfi í skýinu frá manninum sem færði okkur Dynamics Ax

Prófaðu frítt í 30 daga

Erik Damgaard  
Stofnandi Uniconta

Lagast að þínum þörfum

UNICONTA  
www.uniconta.is



theater  
mögul  
kynnir

„Salurinn EMJAÐI úr hlátri“



„Mér er illt í  
maganum eftir  
allan þennan  
hlátur“

„Hef ekki  
hlegið svona  
mikið í  
langan tíma“

# HALLISBÚINN

Leikari: Jóel Sæmundsson  
Leikstjórn: Emma Peirson

MÍÐASALA Á MÍÐI.IS



## Skotsilfur



## Þögn WOW air

Athygli hefur vakið að flugfélagið WOW air hefur ekki birt neinar upplýsingar um rekstur og afkomu félagsins á þessu ári. Það er mikil breyting frá því sem áður var, en sem dæmi sendu forsvarsmenn WOW air frá sér fréttatilkynningar ársfjórðungslega í fyrra þar sem ítarlega var greint frá uppgjöri félagsins og afkomuhorfum þess. Flugfélag **Skúla Mogensen** er vitaskuld ekki skráð á hlutabréfmarkað og ber því þess vegna ekki skylda til þess senda reglulega frá sér uppgjörstilkynningar, en þessi þögn félagsins hefur engu að síður vakið athygli manna.



## Ekki auglýst

**Marta Jónsdóttir** var í ágúst ráðin framkvæmdastjóri Prúnarfélags Keflavíkurflugvallar (Kadeco) þegar Kjartan Þór Eiríksson neyddist til að segja starfi sínu lausu eftir að fjallað var um kaup viðskiptafélaga hans á fasteignum á Ásbrú. Starfið var ekki auglýst og ráðningin sögð tímabundin enda væri endurskiptu-lagning á rekstri Kadeco að hefjast. Stjórn félagsins er pólitískt skipuð en það er alfarið í eigu ríkisins. Nú eru kosningar fram undan og alls óljóst hvaða stefna verður tekin varðandi framtíð Kadeco.



## Gengin í gegn

Útgáfufélagið Myllusetur, sem gefur út Viðskiptablaðið og Fiskifréttir, eignaðist í lok síðasta mánaðar Frjálsa verslun, elsta viðskiptatimarit landsins. Forsvarsmenn Heims, börn Benediktis Jóhannessonar fjármálaráðherra, höfðu um nokkurt skeið leitað nýrra eigenda að Frjálsri verslun og hófust í sumar viðræður á milli þeirra og forsvarsmanna Mylluseturs, en **Pétur Árni Jónsson** er stærsti eigandi síðarnefnda félagsins. Með sölu sinni á Frjálsri verslun lýkur Heimur sölu á timaritum sínum, en félagið gaf meðal annars út Visbendingu, Iceland Review og Ský. Jón G. Hauksson, sem hefur rítt stýrt Frjálsri verslun síðustu 25 ár, er hættur störfum og kominn með sinn eigin vikulega sjónvarpsþátt á ÍNN.



## Már í góðum félagsskap



Allir helstu seðlabankastjórar heims fjölmenntu á ársfund Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem fram fór í Washington-borg í Bandaríkjunum um síðustu helgi. Mark Carney, bankastjóri Englandsbanka, sést hér upptekinn í símanum sínum en neðst á myndinni má sjá Má Guðmundsson seðlabankastjóra í góðum félagsskap. Hann nýtti helgina vel og fundaði meðal annars með stjórnendum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. NORDICPHOTOS/GETTY

## Rangfærslur um styttingu vinnutíma á Íslandi



**Hannes G. Sigurðsson**, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

Hugmyndir og tillögur um styttingu vinnutíma á Íslandi markast af röngum upplýsingum og þar af leiðandi röngum ályktunum.

Flestir halda að dagvinnutími á viku sé 40 stundir og bera saman við 37 eða 37,5 stundir í Danmörku og Noregi. Þetta er ekki rétt því dagvinnutími verður lengstur 37 stundir á Íslandi. Vinnutími er sá tími sem starfsmaður er við störf og til taks fyrir vinnuveitandann. Umsamdir kaffitimar, 3 klukkustundir á viku, eiga þannig ekki að reiknast með vinnutíma þótt þeir séu greiddir. Kaffitímarnir eru eigin tími starfsmanna og þeim er yfirleitt frjálst að yfirgefa vinnustaðinn á meðan á þeim stendur.

Umsaminn ársvinnutími á Íslandi

er hvergi styttri í Evrópu, að Frakklandi undanskildu. Árlegar vinnustundir sem standa vinnuveitendum til ráðstöfunar á dagvinnukaupi eru 1.632 og er þá miðað við 37 stundir á viku, 28 daga meðalorlof og 11,4 sérstaka frídaga.

## Ósveigjanlegir kjarasamningar

Mikill munur er á greiddum vinnustundum og raunverulega unnum stundum hér á landi. Ísland sker sig frá öðrum löndum vegna þess hversu stór hluti launagreiðslna er í formi yfirvinnugreiðslna. Skýringin liggur í ósveigjanlegum ákvæðum kjarasamninga um vinnutíma. Samanburður kjarasamninga á Íslandi og öðrum Norðurlöndum leiðir berlega í ljós hversu ósveigjanlegir íslensku kjarasamningarnir eru varðandi skipulag vinnutíma. Á Norðurlöndum eru víða miklir möguleikar á því að jafna vinnustundum milli daga og vikna og gera vinnutímamann upp á lengri tímabilum, t.d. mánuði eða jafnvel enn lengri tímabilum. Þannig er vinnustundum umfram vinnu-

skyldu á einu tímabili mætt með færri vinnustundum á síðara tímabili. Slikur sveigjanleiki dregur mjög úr yfirvinnugreiðslum enda eru þær til dæmis aðeins 1% launagreiðslna í Danmörku en 15% á Íslandi.

Skynsamlegt fólk lærir af mistökum sínum og annarra. Lögin frá 1972 um 40 stunda vinnuviku (í raun 37 stundir) hafði óveruleg áhrif á heildarvinnutíma þótt þau stytta dagvinnutíma um fjórar stundir á viku. Áhrif laganna voru fyrst og fremst að hækka launakostnað atvinnulífsins. Áhrifin af umsáminni styttingu dagvinnutímabils verslunarmannafélaga árið 2000 drógu ekki úr heildarvinnutíma verslunarmanna, en hlutur yfirvinnutekna í heildarlaunum jókst og þar með launakostnaður.

## Miðstýring eykur ekki framleiðni

Ofmat á vinnustundum á Íslandi veldur því að afköst mælast léleg í alþjóðlegum samanburði og margir trúa því að þau taki stökkbreytingu með pennastriksaðferð sem gengur undir heitinu „stytting vinnutíma“.

Framleiðni á Íslandi er vanmetin vegna þess ofmats á vinnutíma sem felst í því að taldir eru greiddir tíma en ekki unnar vinnustundir. Í veruleikanum eykst framleiðni jafnt og þétt í hægum skrefum með sífelldum og smáum umbótum þúsunda aðila.

Mældur (og ofmetinn) vinnutími hefur styst hér á landi um fjórar klukkustundir á viku á undanförunum tveimur áratugum og um 12-14 stundir sé litið til undangenginna fjögurra áratuga. Þetta er mikil breyting og er til marks um aukin afköst og bætt lífskjör þar sem svigrúm hefur skapast fyrir mun styttri vinnutíma en áður. Aukin framleiðni í atvinnulífinu hefur knúið þessa þróun áfram. Svigrúminu sem framleiðniaukning hefur skapað til bætra lífskjara hefur verið skipt milli beinnar kaupmáttaraukningar og styttri vinnutíma. Sveigjanlegri ákvæði kjarasamninga en nú eru geta hvatt atvinnulíf til aukningar framleiðni og stuðlað að bættum kjörum, en það geta einfaldar pennastriksaðferðir ekki.

## Áhrif viðhorfa og samskipta á framleiðni



**Herdís Pála** ráðgjafi, markþjálfari og FKA-félagsskona.

Við mat á starfsmönnum, jafnt yfirmönnum og almennum starfsmönnum, er í dag gjarnan horft til tveggja þátta. Það er annars vegar mælanlegur árangur í starfi, svo sem sölutölur, framleiddar einingar, nýt-

ing eða álika. Hins vegar það sem hér verður einu nafni kallað viðhorf.

Undir viðhorf falla þá þættir eins og vilji starfsmanns til að aðstoða samstarfsfólk. Til að fara eftir settum verkreglum og fyrir fram ákveðnu verklagi. Hvernig starfsmaður talar til samstarfsfólks, eða um það þegar það er ekki viðstatt. Hvort starfsmaður reyni að komast fram hjá svörum sem hann hefur fengið frá yfirmanni og þar fram eftir götunum. Allir eiga rétt á sínum skoðunum en það skiptir máli hvernig þeim er komið á framfæri.

## Samskiptahæfni yfirmanna

Þeir sem taka það að sér að vera með mannaforráð á vinnustöðum þurfa að taka ábyrgð á þeirri ábyrgð, ef svo má segja. Mannaforráðum þarf að sinna.

Eitt það mikilvægasta við að hafa mannaforráð eru samskipti, og þá einna helst endurgjöf á störf starfsmanna. Starfsfólk sem stendur sig vel ætti að fá að heyra það frá yfirmanni sínum. Starfsfólk sem getur bætt sig í starfi, hvort sem er í mælanlegum árangri eða því sem hér er kallað viðhorf, þarf að fá endurgjöf um það.

Mikilvægt er að endurgjöfin sé upp-

byggjandi og leiðbeinandi, en umfram allt skýr. Endurgjöfin þarf að vera þannig að starfsmaður skilji og meðtaki hvað yfirmaður er að segja.

## Samskiptahæfni starfsmanna

Starfsmenn eiga oftast í daglegum samskiptum við samstarfsfólk og oft við viðskiptavinum og aðra hagsmunaaðila. Mikilvægt er að vanda samskiptin.

Uppbyggjandi samskipti fela það í sér að starfsmenn hlusta á aðra, taka þátt í samtölum, kalla eftir skoðunum allra í hópnum og þar fram eftir göt-

unum. Uppbyggjandi samskipti eru hvetjandi, styðjandi og til þess fallin að ná auknum árangri. Niðurrifandi samskipti eru oft þannig að samtöl verða gjarnan að einræðum, gert er lítið úr öðrum, einstaklingum er ekki hleypt inn í samtöl og svo framvegis.

Samskipti á vinnustöðum segja mikið um vinnustaðarmenninguna. Samkvæmt rannsókn sem Gartner framkvæmdi geta einstaklingar sem hafa niðurrifandi samskiptastíl dregið úr framleiðni teyma um allt að 30-40%. Það er ekki ásættanlegt fyrir neinn.



# Rekstrargjöld GAMMA jukust um 65 prósent á fyrri árshelmingi

Hagnaður fjármálafyrirtækisins GAMMA Capital Management nam 411 milljónum króna á fyrstu sex mánuðum ársins og dróst saman um 8,5 prósent á milli ára. Mestu munaði um hærri rekstrargjöld en þau voru um 604 milljónir króna á tímabilinu og hækkuðu um 65 prósent á milli ára. Hreinar rekstrartekjur námu 1.118 milljónum króna á fyrri helmingi ársins og jukust um tæpar 200 milljónir á milli ára.

Eigið fé félagsins var 1.839 milljónir króna í lok júnímánaðar og jókst um líðlega 6 prósent á milli ára. Voru

eignirnar á sama tíma 2.730 milljónir króna og eiginfjárhlutfallið 35,2 prósent. Til samanburðar var hlutfallið 52,2 prósent í lok síðasta árs.

Alls störfuðu 22 manns að meðaltali hjá GAMMA á fyrstu sex mánuðum ársins, borið saman við 20 á sama tíma í fyrra, og námu laun samtals 230 milljónum króna. Til samanburðar námu þau 163 milljónum á sama tíma 2016 og hækkuðu þau þannig um 41 prósent á milli ára. Annar rekstrarkostnaður hækkaði hins vegar enn meira eða úr 156 milljónum króna í rúmlega 316 milljónir.

# 411

milljónir var hagnaður GAMMA á fyrri árshelmingi

GAMMA hefur á undanförunum tveimur árum haslað sér völl erlendis, fyrst með opnun skrifstofu í Lundúnum árið 2015 og síðan í Zürich í Sviss fyrr á þessu ári. Stefnt er að opnun skrifstofu í New York síðar á árinu. – **kij**



Valdimar Ármann, forstjóri GAMMA á Íslandi.



Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir.

## Með 3,5 milljarða í eigið fé

Félagið K2B fjárfestingar ehf., sem er í eigu Svanhildar Nönnu Vigfúsdóttur fjárfestis, skilaði rúmlega 25 milljóna króna hagnaði í fyrra borið saman við 360 milljóna króna hagnað árið áður.

Í nýbirtum ársreikningi kemur fram að eignir fjárfestingafélagsins hafi numið tæplega 3,8 milljörðum í árslok 2016. Þar munar mestu um eignarhluti í öðrum félögum og verðbréf upp á samtals 3,3 milljarða króna. Einu skuldir félagsins eru við tengda aðila að fjárhæð 245 milljónir. Eigið fé K2B nemur því rúmlega 3,5 milljörðum króna.

Félagið er meðal annars í hópi stærstu hluthafa í tryggingafélaginu VÍS og Kvikubanka. Svanhildur Nanna er stjórnarformaður VÍS en eiginmaður hennar, Guðmundur Örn Þórðarson, er hins vegar varaformaður stjórnar Kvikubanka. Þau hjónin voru á sínum tíma aðaleigendur Skeljungs en seldu olíufélagið í árslok 2013 með milljarða hagnaði. – **hae**

## Spá miklum samdrætti hjá Högum

Greiningardeild Arion banka spár því að hagnaður smásölufélagsins Haga verði 746 milljónir króna á öðrum fjórðungi rekstrarársins og dragist þannig saman um tæplega 39 prósent á milli ára. Félagið mun birta uppgjör fyrir fjórðunginn í næstu viku.

Í afkomuspá greiningardeildarinnar, sem Markaðurinn hefur undir höndum, kemur fram að líklegt sé að fátt muni koma á óvart í uppgjörinu. Öllu athyglisverðara verði að sjá með hvaða hætti stjórnendur félagsins munu fjalla um rekstrarhorfurnar á síðari hluta rekstrarársins. Er bent á að eftir að hafa sent frá sér tvær afkomuviðvaranir í sumar, vegna samdráttar í sölu, hafi ekkert heyrst frá stjórnendum Haga í tvo mánuði. Því megi reikna með því að stada félagsins sé lítið breytt frá síðustu afkomuviðvörðun.

Greiningardeildin gerir ráð fyrir því að rekstrarhagnaður Haga fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta verði 1.224 milljónir króna á öðrum fjórðungi og dragist þannig saman um 32 prósent á milli ára. – **kij**



Finnur Árnason, forstjóri Haga.

## Veldu samferðamann sem nær lengra

Arion eignastýring býður fjölbreytt úrval sjóða fyrir ólík fjárfestingarmarkmið.

Við mætum þínum þörfum með traustri ráðgjöf og djúpri þekkingu á möguleikum markaðarins.

Saman stefnum við að árangri

**Arion banki**  
fyrir framtíðina

**Fjárfestingum í fjármálagerningum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta**, svo sem hættu á að ekki verði um neina ávöxtun að ræða eða að höfuðstóll tapist. Árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um árangur í framtíð. Í útboðslýsingu og lykilupplýsingum hvers sjóðs er að finna nánari upplýsingar um sjóðinn, m.a. um áhættu og hvort umræddur sjóður telst verðbréfasjóður eða fjárfestingarsjóður. Auglýsingin er aðeins í upplýsingaskyni og skal ekki lítið á hana sem ráðgjöf um að ráðast í eða ráðast ekki í tiltekna fjárfestingu eða tilboð um að kaupa, selja eða skrá sig fyrir tilteknum fjármálagerningum.



## Stjórnar- maðurinn



@stjornarmadur

## Loksins stór hugmynd

**Sigmundur Davíð** Gunnlaugsson og Miðflokkurinn hafa spilað út stóra spilin fyrir kosningarnar. Sigmundur vill að ríkið nýti kauprétt sinn að Arion banka og greiði út það umfram eigið fé sem finna má í bankanum.

Að því loknu verði bankinn að þriðjungi í eigu ríkisins, þriðjungur verði seldur í almennu, alþjóðlegu hlutabréfaútbóði og að síðasti þriðjungurinn verði afhentur öllum almenningi til jafns.

Það má Sigmundur eiga að, ólíkt mörgum kollegum sínum, þá notar hann heilann í að búa til stórar hugmyndir. Þetta er sannarlega ein af þeim og raunar góðra gjalda verð. Augljóst er að stóru íslensku bankarnir halda meira eigið fé en telst rekstrarlega hagkvæmt. Því getur vel verið að peningum ríkisins væri vel varið í að nýta forkaupsrétt sinn og greiða sér strax ríflegan arð.

Hugmyndin um að færa eignarhaldið til almennings að hluta er sömuleiðis góð og á sér erlendar fyrirmyndir, en í einkavæðingarhrinunni á Thatcher-tímanum í Bretlandi var sambærileg leið farin við sölu á ríkiseignum. Með þessu má í senn færa verðmæti til almennings og um leið ýta undir þátttöku fólks á verðbrefamarkaði. Það veit sá sem allt veit að ekki er vanþörf á fjölbreytni á markaði þar sem lífeyrissjóðir hafa ráðið lögum og lofum eftir hrun.

Sigmundur og félagar vilja hins vegar ganga enn lengra. Íslandsbanki skal seldur til erlends banka sem reiðubúinn er að starfa eftir skýrri langtímasýn á Íslandi. Landsbankinn skal svo áfram vera í eigu ríkisins en stofna netbanka sem gert verður að bjóða lægstu mögulegu vexti.

Hvoru tveggja er væntanlega ætlað að tryggja bætt kjör í bankaviðskiptum á Íslandi. Sigmundur horfir hins vegar fram hjá því að vandinn við íslensk vaxtakjör er ekki bundinn við bankana heldur gjaldmiðilinn. Krónan er sömuleiðis sennilega ástæða þess að aldrei hefur tekist að selja íslenskan banka útlendingum í mörgum atrennum.

Hugmyndir Sigmundar eru frumlegar og þarft innlegg í umræðu sem hingað til hefur verið fátækleg. Þær gjalda hins vegar fyrir krónuglákuna sem veldur því að fæstir íslenskir stjórnmalamenn sjá skóginn fyrir trjánnum í efnahagslegu tilliti.

## Tæplega 9 milljóna króna stjórnarlaun

Eignarhaldsfélagið ISB Holding, sem er í eigu ríkissjóðs og hélt áður utan um 95 prósentu hlut Glitnis í Íslandsbanka, greiddi 8,6 milljónir í stjórnarlaun í fyrra en eini stjórnarmaður félagsins er hæstaréttarlögmaðurinn Steinar Þór Guðgeirsson. Hann tók sæti í stjórn ISB Holding í apríl 2016. Fram kemur í ársreikningi að fyrirhugað sé að slíta félaginu á þessu ári.

Eignarhlutur ISB Holding í Íslandsbanka var framseldur til ríkisins í janúar 2016 sem hluti af stöðugleikaframlagi kröfuhafa. Samhliða því



Steinar Þór Guðgeirsson.

var hluturinn færður undir Bankasýsluna sem heldur um eignarhluti ríkisins í fjármálaframtækjum. Áður en ríkissjóður eignaðist ISB Holding voru þrír í stjórn félagsins og námu stjórnarlaun til þeirra samtals 13,2 milljónum árið 2015.

Steinar Þór hefur starfað sem ráðgjafi Seðlabankans og Lindarhvals, eignarhaldsfélags í eigu ríkissjóðs, og átt sæti í stjórnnum fjölmargra félaga sem voru framseld til ríkisins sem hluti af stöðugleikaframlögum gömlu bankanna. – hae

12.07.2017

Jöfnuður eigin fjár heimilanna er meiri 2016 en hann hefur verið að meðaltali síðustu tuttugu ár. Það er óvandað að stjórnmalamenn byggi málflutning sinn á röngum fullyrðingum. Almennigur á betra skilið en að láta villa um fyrir sér.

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA



STÓRTÓNLEIKAR Í HÁSKÓLABÍÓ 21. OKTÓBER KL. 21.00

# BJARNI ARA 30 ÁR



## BJARNI ARA FAGNAR Í ÁR 30 ÁRA SÖNGAFMÆLI

MEÐ HONUM Á SVIÐINU VERÐUR FRÁBÆR HLJÓMSVEIT OG FLUTT VERÐA LÖGIN SEM BJARNI HEFUR SUNGIÐ INN Í HJÖRTU LANDSMANNA SÍÐUSTU ÞRÍJA ÁRATUGI.

ÞÓRIR ÚLFARSSON LEIKUR Á HLJÓMBORD OG STÝRIR HLJÓMSVEITINI · GULLI BRIEM Á TROMMUR · FRIDRIK KARLSSON Á GÍTAR  
GRETAR ÖRVARSSON Á HLJÓMBORD · JÓHANN ÁSMUNDSSON Á BASSA · JÓEL PÁLSSON Á SAXAFÓN · KJARTAN HÁKONARSON Á TROMPET

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á TIX.IS



- Benedikt Kristjánsson**, kt. 240486-2109, háskólanemi, Skólatröð 5, Kópavogi.
- Kristín Pétursdóttir**, kt. 091165-8059, forstjóri, Hringbraut 59, Hafnarfirði.
- Pétur Steinn Guðmundsson**, kt. 130558-6589, lögfræðingur, Hrauntungu 35, Kópavogi.
- Laufey Kristjánsdóttir**, kt. 110175-4939, félagsfræðingur, Asparási 3, Garðabæ.
- Páll Torfi Önundarson**, kt. 300355-4049, yfirlæknir, Kleifarvegi 12, Reykjavík.
- Ólöf Kolbrún Harðardóttir**, kt. 200249-4969, óperusöngvari, Langholtsvegi 139, Reykjavík.
- Þórður Sverrisson**, kt. 240452-3169, fyrrv. forstjóri, Víðivangi 4, Hafnarfirði.

### D – listi Sjálfstæðisflokks:

- Bjarni Benediktsson**, kt. 260170-5549, forsætisráðherra, Bakkafliöt 2, Garðabæ.
- Bryndís Haraldsdóttir**, kt. 291276-3779, alþingismaður, Skeljatanga 12, Mosfellsbæ.
- Jón Gunnarsson**, kt. 210956-4179, ráðherra, Austurkór 155, Kópavogi.
- Óli Björn Kárason**, kt. 260860-4619, alþingismaður, Tjarnarmýri 17, Seltjarnarnesi.
- Vilhjálmur Bjarnason**, kt. 200452-7719, alþingismaður, Hlíðarbyggð 18, Garðabæ.
- Karen Elísabet Halldórsdóttir**, kt. 190274-4469, bæjarfulltrúi og varaþingmaður, Hvannahólma 30, Kópavogi.
- Kristín María Thoroddsen**, kt. 201168-5469, flugfreyja og ferðamálafræðingur, Burknabergi 4, Hafnarfirði.
- Katrín Ósk Ásgeirsdóttir**, kt. 240594-2779, laganemi og varabæjarfulltrúi, Lækjarkinn 6, Hafnarfirði.
- Tinna Dögg Guðlaugsdóttir**, kt. 050483-7119, lögfræðingur, Dimmuhvarfi 27, Kópavogi.
- Hrefna Kristmannsdóttir**, kt. 200544-3319, jarðefnafræðingur og prófessor emeritus, Látraströnd 30, Seltjarnarnesi.
- Davíð Þór Viðarsson**, kt. 240484-2509, viðskiptafræðingur og knattspyrnumaður, Kirkjubrekku 18, Álftanesi.
- Bylgja Bára Bragadóttir**, kt. 210473-5569, sölustjóri, Kvíslartungu 49, Mosfellsbæ.
- Unnur Lára Bryde**, kt. 260871-5529, flugfreyja og bæjarfulltrúi, Fjólúási 20, Hafnarfirði.
- Guðmundur Gísli Geirdal**, kt. 100765-4899, sjómaður, Fákahvarfi 1, Kópavogi.
- Þorgerður Anna Arnardóttir**, kt. 210472-5099, aðstoðarskólastjóri, Móafliöt 33, Garðabæ.
- Bergur Þorri Benjamínsson**, kt. 150279-4889, viðskiptafræðingur, Eskivöllum 7, Hafnarfirði.
- Marianna Hugrún Helgadóttir**, kt. 130168-5319, formaður FÍN, Lækjarbraut 1, Kjósarhreppi.
- Hilmar Jökull Stefánsson**, kt. 240795-2059, menntaskólanemi, Fitjasmára 3, Kópavogi.
- Þórhildur Gunnarsdóttir**, kt. 250291-2809, verkfræðinemi og handknattleikskona, Lyngási 1a, Garðabæ.
- Kristján Jónas Svavarsson**, kt. 070671-5659, stálvirkjasmíðameistari, Hverfisgötu 63, Hafnarfirði.

- Sveinn Óskar Sigurðsson**, kt. 270768-5989, framkvæmdastjóri, Barrholti 23, Mosfellsbæ.
- Gyða Ragnheiður Stefánsdóttir**, kt. 201190-2669, lögfræðingur, Austurströnd 8, Seltjarnarnesi.
- Ásgeir Einarsson**, kt. 200390-3189, stjórnmálafræðingur, Háabergi 19, Hafnarfirði.
- Erling Ásgeirsson**, kt. 290545-7499, fyrrv. formaður bæjarráðs, Lynghæð 1, Garðabæ.
- Erna Nielsen**, kt. 210942-4409, fyrrv. forseti bæjarstjórnar, Lundi 1, Kópavogi.
- Ragnheiður Rikharðsdóttir**, kt. 230649-4999, fyrrv. alþingismaður, Hrafnshöfða 35, Mosfellsbæ.

### F – listi Flokks fólksins:

- Guðmundur Ingi Kristinsson**, kt. 140755-7299, stjórnarmaður Sjálfsbjargar Ish., Hjallabraut 9, Hafnarfirði.
- Jónína Björk Óskarsdóttir**, kt. 250153-2799, forstöðumaður félagsstarfs aldraðra Hafnarfirði, Engihjalla 3, Kópavogi.
- Edith Alvarsdóttir**, kt. 301261-4119, dagskrárgerðarmaður, Fífuseli 9, Reykjavík.
- Örn Björnsson**, kt. 090443-7399, fyrrv. útibússtjóri, Eiðismýri 30, Seltjarnarnesi.
- Inga Jóna Traustadóttir**, kt. 230967-3859, nemi, Rjúpnasölum 2, Kópavogi.
- Skúli B. Barker**, kt. 160264-5519, verkfræðingur, Hákotsvör 10, Álftanesi.
- Steinunn Halldóra Axelsdóttir**, kt. 291297-2509, nemi, Tröllateigi 45, Mosfellsbæ.
- Jón Kr. Brynjarsson**, kt. 210852-4689, fyrrv. atvinnubílstjóri, Fjólúási 28, Hafnarfirði.
- Ósk Matthíasdóttir**, kt. 080979-5769, förðunarmeistari, Herjólfsgötu 34, Hafnarfirði.
- Halldór Már Kristmundsson**, kt. 030788-2579, sölufulltrúi, Fannborg 7, Kópavogi.
- Vilborg Reynisdóttir**, kt. 280459-3649, frístundafulltrúi, Sléttahrauni 23, Hafnarfirði.
- Bjarni G. Steinarsson**, kt. 201067-5109, körfubílstjóri, Hjallabraut 9, Hafnarfirði.
- Ingibjörg Dóra Bjarnadóttir**, kt. 020686-3089, nemi, Hörðukór 2, Kópavogi.
- Viðar Snær Sigurðsson**, kt. 080772-3359, sjómaður, Furugrund 60, Kópavogi.
- Álfhildur Gestsdóttir**, kt. 111042-7999, húsmóðir, Hlíðarvegi 22, Kópavogi.
- Steinþór Hilmarsson**, kt. 190351-2119, fyrrv. rannsóknarlögreglumaður, Efstahjalla 21, Kópavogi.
- Valdís Guðmundsdóttir**, kt. 300552-4129, leikskólakennari, Klapparhlíð 13, Mosfellsbæ.
- Sigurður Þórðarson**, kt. 240951-3559, fyrrv. framkvæmdastjóri, Glaðheimum 18, Reykjavík.
- Bjarni Bergmann**, kt. 180467-4249, atvinnubílstjóri, Heiðarholti 8, Reykjanesbæ.
- Arnar Ævarsson**, kt. 110768-4789, ráðgjafi, Hrauntungu 59, Kópavogi.
- Gunnar Þ. Þórhallsson**, kt. 180135-7319, vélfræðingur, Strandvegi 2, Garðabæ.
- Sigurður Steingrímsson**, kt. 010749-4419, bílstjóri, Bjarkarási 5, Garðabæ.

- Einar Magnússon**, kt. 120255-5339, rafvirki, Suðurgötu 106, Hafnarfirði.
- Baldur Freyr Guðmundsson**, kt. 050285-2199, nemi, Hjallabraut 9, Hafnarfirði.
- Friðleifur Einarsson**, kt. 080962-4959, sjómaður, Gesthúsavör 4, Álftanesi.
- Jón Númi Ástvaldsson**, kt. 301054-4329, verkamaður, Berjahlið 3, Hafnarfirði.

### M – listi Miðflokksins:

- Gunnar Bragi Sveinsson**, kt. 090668-4129, alþingismaður, Bárustíg 13, Sauðárkróki.
- Una María Óskarsdóttir**, kt. 190962-7849, menntunar- og lýðheilsufræðingur, Hjallabrekku 34, Kópavogi.
- Kolfinna Jóhannesdóttir**, kt. 211067-3579, doktorsnemi, Norðtungu 1, Borgarbyggð.
- Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir**, kt. 090478-5409, sjálfstætt starfandi, Góðakri 2, Garðabæ.
- Anna Bára Ólafsdóttir**, kt. 300665-8299, framkvæmdastjóri, Dalakri 5, Garðabæ.
- Sigurður Þórður Ragnarsson**, kt. 130267-4599, náttúruvísindamaður, Einibergi 23, Hafnarfirði.
- Halldóra Magný Baldursdóttir**, kt. 210560-3439, fulltrúi gæðamála hjá OR, Skeljatanga 13, Mosfellsbæ.
- Tómas Ellert Tómasson**, kt. 201170-3979, byggingarverkfræðingur, Arnarhrauni 4, Hafnarfirði.
- Sigurjón Kristjánsson**, kt. 201269-4319, tryggingaráðgjafi, Þverholti 15, Mosfellsbæ.
- Kristín Agnes Landmark**, kt. 280886-3279, leikkona, Drekavöllum 18, Hafnarfirði.
- Örn Bergmann Jónsson**, kt. 040890-3199, kaupmaður og háskólanemi, Briertartúni 34, Reykjavík.
- Þorsteinn Hrannar Svavarsson**, kt. 250795-3279, nemi, Vesturvangi 44, Hafnarfirði.
- Svavar Þorsteinnsson**, kt. 061065-3189, framkvæmdastjóri, Vesturvangi 44, Hafnarfirði.
- Þórarinn Þórhallsson**, kt. 211056-7119, mjólkurfræðingur, Smyrlahrauni 6, Hafnarfirði.
- Einar Baldursson**, kt. 250849-2499, kennari, Hlíðarhjalla 51, Kópavogi.
- Árni Þórður Sigurðarson**, kt. 230992-2909, tollvörður, Einibergi 23, Hafnarfirði.
- Karl Friðrik Jónasson**, kt. 140675-4319, matreiðslumeistari, Flókagötu 12, Reykjavík.
- Gísli Sveinbergsson**, kt. 200944-3489, málarameistari, Skipalóni 5, Hafnarfirði.
- Sigrún Aspelund**, kt. 110446-4629, skrifstofumaður, Arnarási 16, Garðabæ.
- Jónas Henning Óskarsson**, kt. 251290-2889, starfsmaður Fangelsismálastofnunar, Langeyrarvegi 1, Hafnarfirði.
- Ingvar Sigurðsson**, kt. 030170-5719, framkvæmdastjóri, Miðvangi 107, Hafnarfirði.
- Friðrik Ólafsson**, kt. 230359-2459, verkfræðingur, Hörðalandi 4, Reykjavík.
- Skúli Þór Alexandersson**, kt. 250560-4279, vagnstjóri hjá Strætó bs., Flatahrauni 7, Hafnarfirði.
- Stefán Bjarnason**, kt. 131064-7999, framkvæmdastjóri, Dalakri 7, Garðabæ.

- Nanna Hálfðánardóttir**, kt. 280533-4169, frumkvöðull og lifeyrisþegi, Selvogsgötu 6, Hafnarfirði.
- Sigurjón Örn Þórsson**, kt. 110367-4149, framkvæmdastjóri Kringlunnar, lðalind 4, Kópavogi.

### P – listi Pírata:

- Jón Þór Ólafsson**, kt. 130377-4089, þingmaður, Ólafsgейsla 18, Reykjavík.
- Oktavía Hrund Jónsdóttir**, kt. 070379-4659, ráðgjafi, Njálsgötu 12, Reykjavík.
- Dóra Björt Guðjónsdóttir**, kt. 190688-2599, alþjóðafræðingur, Rafstöðvarvegi 29, Reykjavík.
- Andri Þór Sturluson**, kt. 270284-2139, grínisti, Sjávargrund 2b, Garðabæ.
- Gígja Skúladóttir**, kt. 050384-2849, geðhjúkrunarfræðingur, Hringbraut 86, Reykjavík.
- Hákon Helgi Leifsson**, kt. 260778-6099, sölumaður, Tröllakór 7, Kópavogi.
- Kristín Vala Ragnarsdóttir**, kt. 270354-7269, prófessor, Grenibyggd 30, Mosfellsbæ.
- Þór Saari**, kt. 090660-8299, hagfræðingur, Breiðabólstað, Álftanesi.
- Elín Ýr Arnar Hafðísardóttir**, kt. 041276-3559, þroskaþjálfí, Skipalóni 23, Hafnarfirði.
- Grímur Friðgeirsson**, kt. 080348-3989, rafeindateknifræðingur, Eiðismýri 28, Seltjarnarnesi.
- Halldóra Jónasdóttir**, kt. 070174-5109, flugmaður, Barónsstíg 65, Reykjavík.
- Bjartur Thorlacius**, kt. 211295-2019, hugbúnaðarsérfræðingur, Lundarbrekku 10, Kópavogi.
- Kári Valur Sigurðsson**, kt. 250770-5109, pípari, Breiðvangi 54, Hafnarfirði.
- Valgeir Skagfjörð**, kt. 080556-4119, leikari, markþjálfí og framhaldsskólakennari, Hlíðarvegi 50, Kópavogi.
- Sigurður Erlendsson**, kt. 180560-3279, kerfisstjóri, Engihjalla 25, Kópavogi.
- Lárus Vilhjálmsson**, kt. 150261-2449, leikhússtjóri, Álfagarði, Kjósarhreppi.
- Guðmundur Karl Karlsson**, kt. 091082-5359, hugbúnaðarsérfræðingur, Dvergholti 21, Hafnarfirði.
- Ragnheiður Rut Reynisdóttir**, kt. 040280-4489, leiðbeinandi á leikskóla, Tröllakór 7, Kópavogi.
- Hallur Guðmundsson**, kt. 120770-3739, samskipta- og miðlunarfræðingur, Álfaskeiði 43, Hafnarfirði.
- Hermann Haraldsson**, kt. 310896-2099, forritari, Hæðarseli 2, Reykjavík.
- Maren Finnisdóttir**, kt. 220669-3009, óperusöngkona og leiðsögumaður, Austurströnd 10, Seltjarnarnesi.
- Arnar Snæberg Jónsson**, kt. 050877-5829, verkefnastjóri og tónlistarmaður, Vesturbraut 19, Hafnarfirði.
- Hildur Þóra Hallsdóttir**, kt. 070898-2099, nemi, Álfaskeiði 43, Hafnarfirði.
- Björn Gunnlaugsson**, kt. 030269-4039, verkefnastjóri, Miðbraut 17, Seltjarnarnesi.



**25. Ýmir Vésteinnsson**, kt. 180372-3349, lyfjafræðingur, Breiðvangi 64b, Hafnarfirði.

**26. Jónas Kristjánsson**, kt. 050240-3559, eftirlaunamaður, Brúnavegi 9, Reykjavík.

### R – listi Alþýðufylkingarinnar:

**1. Erna Lína Örnudóttir Baldvinsdóttir**, kt. 070798-2049, háskólanemi, Bjarkavöllum 5e, Hafnarfirði.

**2. Þorvarður Bergmann Kjartansson**, kt. 020392-2749, tölvunarfræðingur, Garðaflöt 11, Garðabæ.

**3. Guðmundur Smári Sighvatsson**, kt. 150465-5839, byggingarfræðingur, Lómatjörn 12, Reykjanesbæ.

**4. Sigrún Erlingsdóttir**, kt. 171292-2399, flugfreyja, Hjallabraut 43, Hafnarfirði.

**5. Einar Andrésson**, kt. 190390-3229, stuðningsfulltrúi, Ásgarði 14, Reykjavík.

**6. Maricris Castillo de Luna**, kt. 201180-2369, grunnskólakennari, Fjarðarseli 35, Reykjavík.

**7. Erla María Björgvinsdóttir**, kt. 090594-2819, verkamaður, Fannborg 7, Kópavogi.

**8. Guðjón Bjarki Sverrisson**, kt. 170253-3029, stuðningsfulltrúi, Selvogsgötu 26, Hafnarfirði.

**9. Alina Vilhjálmsdóttir**, kt. 230293-4499, hönnuður, Garðaflöt 11, Garðabæ.

**10. Kári Þór Sigríðarson**, kt. 220765-3939, búfræðingur, Merkigili 22, Akureyri.

**11. Sigurjón Þórsson**, kt. 210586-2969, tæknifræðingur, Klapparstíg 9, Hvammstanga.

**12. Tómas Númi Helgason**, kt. 201196-2999, söluaður, Sunnubraut 6, Reykjanesbæ.

**13. Sveinn Elías Hansson**, kt. 060761-7799, húsasniður, Sólheimum 40, Reykjavík.

**14. Sigurjón Sumarliði Guðmundsson**, kt. 261089-2709, nemi, Seljabraut 22, Reykjavík.

**15. Bergdís Lind Kjartansdóttir**, kt. 211296-2089, nemi, Engihjalla 17, Kópavogi.

**16. Viktor Penalver**, kt. 240891-2049, öryrki, Þúfubarði 17, Hafnarfirði.

**17. Stefán Hlífar Gunnarsson**, kt. 150997-3569, vaktstjóri, Lækjamótum 29, Sandgerði.

**18. Egill Fannar Ragnarsson**, kt. 200291-3019, hlaðmaður, Borgarvegi 3, Reykjanesbæ.

**19. Kolbrún Ósk Óskarsdóttir**, kt. 241253-4069, tónlistarkennari, Trönuhjalla 7, Kópavogi.

**20. Bjarki Aðalsteinsson**, kt. 140695-2389, atvinnulaus, Fífumóa 3b, Reykjanesbæ.

**21. Patrick Ingi Þór Sischka**, kt. 050990-3119, öryrki, Klausturstíg 1, Reykjavík.

**22. Bjarni Júlíus Jónsson**, kt. 200799-3059, pizzasendill, Svölutjörn 42, Reykjanesbæ.

**23. Gunnjón Gestsson**, kt. 210890-3439, leiðbeinandi, Álftamýri 24, Reykjavík.

**24. Vilhjálmur Hjaltalín Jónsson**, kt. 240774-5429, stuðningsfulltrúi, Nónhæð 4, Garðabæ.

**25. Axel Þór Kolbeinsson**, kt. 011278-5159, öryrki, Háaleitisbraut 39, Reykjavík.

**26. Guðmundur Magnússon**, kt. 060747-4829, leikari, Reynimel 64, Reykjavík.

### S – listi Samfylkingarinnar – jafnaðarmannaflokks Íslands:

**1. Guðmundur Andri Thorsson**, kt. 311257-6419, rithöfundur, Blikastíg 14, Álftanesi.

**2. Margrét Tryggvadóttir**, kt. 200572-5219, bókmenntafræðingur, Reynihvammi 22, Kópavogi.

**3. Adda María Jóhannsdóttir**, kt. 070367-5569, framhaldsskólakennari og bæjarfulltrúi, Skógarhlið 7, Hafnarfirði.

**4. Finnur Beck**, kt. 150675-5539, lögfræðingur og stjórn málafræðingur, Reynimel 92, Reykjavík.

**5. Sigurþóra Bergsdóttir**, kt. 210372-5399, vinnusálfræðingur, Nesvegi 123, Seltjarnarnesi.

**6. Símon Örn Birgisson**, kt. 240884-2599, dramaturgur, Blómvangi 15, Hafnarfirði.

**7. Gunnar Helgason**, kt. 241165-4269, leikari og rithöfundur, Stekkjarhvammi 23, Hafnarfirði.

**8. Steinunn Dögg Steinsen**, kt. 020379-3409, verkfræðingur, Hjallahlið 5, Mosfellsbæ.

**9. Erna Indriðadóttir**, kt. 251252-4919, fjölmiðlamaður, Nýhöfn 1, Garðabæ.

**10. Hjálmar Hjálmarsson**, kt. 280863-2709, leikari og leikstjóri, Reynigrund 83, Kópavogi.

**11. Kolbrún Þorkelsdóttir**, kt. 081175-4549, lögfræðingur, Blásölum 20, Kópavogi.

**12. Kjartan Due Nielsen**, kt. 030975-3919, verkefnastjóri, Brattholti 21, Mosfellsbæ.

**13. Margrét Kristmannsdóttir**, kt. 240262-4449, framkvæmdastjóri, Engjasmára 9, Kópavogi.

**14. Hafsteinn Karlsson**, kt. 061056-3279, skólastjóri, Naustavör 4, Kópavogi.

**15. Gerður Aagot Árnadóttir**, kt. 070664-4109, læknir, Brautarlandi 15, Reykjavík.

**16. Óskar Steinn Ómarsson**, kt. 090794-2489, stjórn málafræðinemi og ritari, Kirkjuvegi 11b, Hafnarfirði.

**17. Margrét Hildur Guðmundsdóttir**, kt. 121181-4449, deildarstjóri, Hverfisgötu 61, Hafnarfirði.

**18. Þráinn Hallgrímsson**, kt. 070248-3609, skrifstofustjóri Eflingar, Helgubraut 13, Kópavogi.

**19. Ýr Gunnlaugsdóttir**, kt. 151163-3439, viðburðastjóri, Andarhvarfi 5, Kópavogi.

**20. Gísli Geir Jónsson**, kt. 070149-2739, verkfræðingur, Nýhöfn 5, Garðabæ.

**21. Rósanna Andrésdóttir**, kt. 220989-2919, stjórn málafræðingur, Hólmatúni 31, Álftanesi.

**22. Stefán Bergmann**, kt. 020742-4889, líffræðingur og fyrrv. dósent við HÍ, Hamarsgötu 2, Seltjarnarnesi.

**23. Jóhanna Axelsdóttir**, kt. 021243-3299, kennari, Burknavöllum 17a, Hafnarfirði.

**24. Ingvar Júlíus Viktorsson**, kt. 090442-7599, kennari og fyrrv. bæjarstjóri í Hafnarfirði, Svöluhrauni 15, Hafnarfirði.

**25. Rannveig Guðmundsdóttir**, kt. 150940-4789, fyrrv. bæjarfulltrúi, alþingismaður og ráðherra, Hlíðarvegi 61, Kópavogi.

**26. Árni Páll Árnason**, kt. 230566-5939, lögfræðingur, fyrrv. alþingismaður og ráðherra, Túngötu 36a, Reykjavík.

### V – listi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs:

**1. Rósa Björk Brynjólfsdóttir**, kt. 090275-5189, alþingismaður, Ásvallagötu 23, Reykjavík.

**2. Ólafur Þór Gunnarsson**, kt. 170763-4409, öldrunarlæknir, Þinghólsbraut 32, Kópavogi.

**3. Una Hildardóttir**, kt. 030891-2529, upplýsingafulltrúi, Álafossvegi 31, Mosfellsbæ.

**4. Fjöl­nir Sæmundsson**, kt. 260170-5709, lög­reglu­fulltrúi, Lækjarkinn 10, Hafnarfirði.

**5. Ester Bibí Ásgeirsdóttir**, kt. 301275-5879, starfsmaður Kvikmyndasafns Íslands, Langeyarvegi 3, Hafnarfirði.

**6. Margrét Pétursdóttir**, kt. 031166-2929, aðstoðarmaður tannlæknis, Hringbraut 63, Hafnarfirði.

**7. Amid Derayat**, kt. 050664-3099, líffræðingur, Mánabraut 15, Kópavogi.

**8. Gunnar Árnason**, kt. 040569-3919, framkvæmdastjóri, Brekkugötu 14, Hafnarfirði.

**9. Krístrún Birgisdóttir**, kt. 291067-8679, sérfræðingur í framhaldsskólamálum, Smyrlahrauni 28, Hafnarfirði.

**10. Kristján Ketill Stefánsson**, kt. 110279-5909, framkvæmdastjóri, Ástúni 10, Kópavogi.

**11. Þórdís Dröfn Andrésdóttir**, kt. 110597-2159, háskólanemi og ritstýra UVG, Stekkjarhvammi 15, Hafnarfirði.

**12. Helgi Hrafn Ólafsson**, kt. 240188-2289, íþróttافرæðingur, Ásbraut 19, Kópavogi.

**13. Kristín Helga Gunnarsdóttir**, kt. 241163-2459, rithöfundur, Einilundi 8, Garðabæ.

**14. Kristbjörn Gunnarsson**, kt. 080774-3119, tölvunarfræðingur, Melási 5, Garðabæ.

**15. Guðbjörg Sveinsdóttir**, kt. 110854-4639, geðhjúkrunarfræðingur, Trönuhjalla 13, Kópavogi.

